


Er íslensk myndlist áhugaverður fjárfestingakostur?



Jóhann Ágúst Hansen
Leiðbeinandi: Reynir Kristinsson
Háskólinn á Bifröst, vorönn 2009

Staðfesting lokaverkefnis til B.Sc. gráðu í viðskiptafræði

Titill verkefnis:

Er íslensk myndlist áhugaverður fjárfestingakostur?

Unnið af:

Jóhanni Ágústi Hansen kt. 100469-5459

Hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur hlotið
lokaeinkunnina: _____

Háskólinn á Bifröst 6. júní 2009

Stimpill skólans

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Er íslensk myndlist áhugaverður fjárfestingakostur?

Is Investing in Icelandic Art an Exciting Option?



Jóhann Ágúst Hansen

Leiðbeinandi: Reynir Kristinsson
Háskólinn á Bifröst, vorönn 2009

Útdráttur

Tilgangur þessarar rannsóknar er að athuga hvort íslensk myndlist sé áhugaverður fjárfestingakostur. Ýmis gögn hafa bent til þess að fjárfesting í myndlist sé valkostur fyrir fjárfesta þar sem hagnaðarvon geti bæst við fagurfræðilegan ávinning.

Beitt er fræðilegri söguskoðun þegar íslenskur listaverkamarkaður er borinn saman við erlenda listaverkamarkaði auk þess að þróun þessara markaða er skoðaður í ljósi sögu kauphalla og markaða með verðbréf.

Til þess að fá heildarmynd af íslenska listaverkamarkaðinum eru þeir aðilar er þar starfa rannsakaðir. Áhætta þeirra er höndla með listaverk er kortlögð út frá kenningum Paul DiMaggio sem hann setti fram í „Market structure, the creative process, and popular culture“ 1977 auk þess sem könnun um nám, laun og sölutekjur var lögð fyrir rúmlega 800 starfandi myndlistarmenn. Þá er samkeppni á listaverkamarkaði skilgreind út frá kenningum Raymond Moulin. Stuðst er við erlendar rannsóknir og greinasöfnin „Handbook of the Economics of Art and Culture“ ritstýrt af Victor A. Ginsburgh og David Throsby og „A Handbook of Cultural Economics“ í ritstjórn Ruth Towse.

Ávöxtun og ávöxtunarkrafa á íslenska myndlistarmarkaðnum er sett fram og borin saman við ávöxtun erlendra listaverkamarkaða. Ávöxtunarkrafan er reiknuð út samkvæmt CAPM líkaninu auk þess sem stuðst er við Íslensku listaverkavísitöluna. Ávöxtunarkrafa íslenska listaverkamarkaðarins er 10,85%.

Listaverkasöfn fjögurra íslenskra listaverkasafnara voru rannsökuð og skrásett. Reiknuð var út ársávöxtun hvers listaverks fyrir sig út frá verðmati sem gert var af uppboðshúsi í Reykjavík. Meðal ársávöxtun safnanna er frá 4,93% til 16,37% ef miðað er við lágt verðmat þeirra en sölupóknun umfram verðbréfamarkaðinn gæti sett strik í heildarávöxtunina.

Höfundar telur að íslensk myndlist sem verslað er með á Íslandi er áhugaverður fjárfestingakostur en taka verður fram að einungis er um fræðilegan ávinning að ræða en ekki raunverulegan reiknaðan út frá seldum listaverkum. Helstu ávinningur þeirra er fjárfesta í myndlist mun ávallt vera fagurfræðilegur.

Formáli

Þessi skýrsla er lokaverkefni í grunnnámi höfundar í viðskiptafræði, sem er alhliða viðskiptanám til 180 ECTS eininga og lýkur með B.Sc. gráðu. Námið hófst við Háskólann á Bifröst haustið 2005 en tekin var ein önn yfir sumartímabil, sumarið 2006. Einnig var ein önn tekin við Shanghai University í Kína þar sem áhersla var lögð á kínverskt efnahagslíf og viðskiptalög. Vinnsla þessa verkefnis fór að mestu fram í Reykjavík og á Bifröst í febrúar og apríl 2009. Rannsókuð voru listaverkasöfn fjögurra einstaklinga auk þess sem könnun var lögð fyrir rúmlega 800 starfandi myndlistarmenn. Því til viðbótar var rekstur 55 rekstraraðila skoðaður og metinn út frá reynslu höfundar sem hefur starfað á þessum markaði í 13 ár.

Höfundur þessarar skýrslu vill þakka öllum þeim aðilum sem veittu ómissandi aðstoð og upplýsingar og þá sérstaklega þeim fjórum einstaklingum sem opnuðu listaverkasöfn sín og bókhald. Leiðbeinandi þessa verkefnis, Reynir Kristinsson, á þakkir skilið fyrir góða leiðsögn og ábendingar. Einnig vill höfundur þakka samstarfsfólki sínu fyrir þolinmæði og aðstoð á meðan á verkefninu stóð. Auk framangreindra fá sérstakar þakkir eftirtaldir aðilar:

Margrét Tryggvadóttir fyrir yfirlestur og fjölskylda höfundar fyrir góðan stuðning.

Yfirlýsing

Ég undirritaður hef unnið þetta verkefni sjálfstætt og er það afrakstur eigin rannsókna. Verkefni er að öllu leyti eigið verk og skilmerkilega vísað til heimilda þar sem vitnað er til verka annarra. Í því efni hefur reglum skólans verið fylgt eftir bestu getu.

Háskólinn á Bifröst, 5. maí 2009
Skýrsluhöfundur

Jóhann Ágúst Hansen
Viðskiptafræðinemi í grunnnámi
við Háskólann á Bifröst

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| 1. Inngangur | 1 |
| 2. Saga | 3 |
| 2.1. Saga kauphalla og verðbréfiðskipta | 3 |
| 2.1.1. Kauphallir í Evrópu..... | 3 |
| 2.1.2. Verslun með hlutabréf á Íslandi..... | 4 |
| 2.2. Saga listaverkamarkaðar | 6 |
| 2.2.1. Verslun með listaverk í Evrópu | 6 |
| 2.2.2. Nýjar markaðsaðferðir | 7 |
| 2.2.3. Stóru uppboðshúsin..... | 8 |
| 2.2.4. Íslensk listaverkasaga..... | 9 |
| 2.2.5. Stjórnmal og myndlist..... | 10 |
| 2.2.6. Þjóðarmálarinn Jóhannes S. Kjarval | 11 |
| 2.2.7. Höggmyndalist | 12 |
| 2.2.8. Söfn á Íslandi | 12 |
| 2.2.9. Átök um stefnu | 13 |
| 2.2.10. Uppboð á Íslandi..... | 13 |
| 3.1. Lög og reglugerðir | 16 |
| 3.2. Höfundaréttur | 16 |
| 3.3. Falsanir | 19 |
| 3.3.1. Stóra málverkafölsunarmálið..... | 20 |
| 3.3.2. Leið falsana..... | 22 |
| 3.3.3. Hvað er til ráða?..... | 24 |
| 4. Aðferðarfræði | 26 |
| 5. Verðmyndun | 28 |
| 5.1. Menningarleg og listræn gæði..... | 28 |
| 5.2. Samkeppnisumhverfi | 28 |
| 5.3. Samkeppni á íslenska listaverkamarkaðinum..... | 30 |
| 5.4. Sjálfvirk kostnaðaraukning – Baumol Cost Disease | 33 |
| 5.5. Verð listaverka | 33 |
| 5.6. Verðmat | 35 |
| 6. Markaður með íslenska myndlist | 36 |
| 6.1. Seljendur..... | 36 |
| 6.1.1. Menntun listamanna..... | 36 |
| 6.1.2. Laun listamanna | 37 |
| 6.1.3. Opinberir styrkir..... | 38 |
| 6.2. Kaupendur | 39 |
| 6.2.1. Söfn | 39 |
| 6.2.2. Listskreytingasjóður | 40 |
| 6.2.3. Einkaaðilar | 40 |
| 6.2.4. Kaupendur erlendis | 41 |
| 6.3. Umfang menningar..... | 41 |
| 6.3.1. Íslenska listaverkavísitalan..... | 42 |
| 6.3.2. Umfang myndlistarmarkaðarins | 43 |
| 7. Framboð og eftirspurn..... | 45 |
| 8. Ávöxtun | 49 |
| 8.1. Áhætta | 49 |
| 8.2. Vænt ávöxtun..... | 50 |

| | |
|--|-----------|
| 8.3. Ytri áhrif..... | 51 |
| 8.4. Listaverkasjóðir | 53 |
| 8.5. Ávöxtun á erlendum listaverkamörkuðum | 54 |
| 8.6. Ávöxtun á íslenska listaverkamarkaðinum..... | 56 |
| 8.7. Ávöxtun einkasafna | 57 |
| 8.7.1. Einkasafn 1 | 59 |
| 8.7.2. Einkasafn 2 | 60 |
| 8.7.3. Einkasafn 3 | 61 |
| 8.7.4. Einkasafn 4 | 62 |
| 9. Niðurstaða | 63 |
| Heimildaskrá | 65 |
| Bækur og önnur rit | 65 |
| Vefheimildir | 68 |
| Lög, reglugerðir, þingmál og dómar | 71 |

1. Inngangur

Listaverkamarkaðurinn hefur löngum vakið áhuga skýrsluhöfundar og þá einkum fjárhagslegar hliðar hans. Í ljósi þess að veruleg hækkun hefur verið á verði listaverka eftir mikla niðursveiflu í kjölfar stóra málverkafölsunarmálsins þótti höfundi áhugavert að rannsaka þennan markað. Mikill skortur er á fræðilegum upplýsingum um myndlistarmarkaðinn og þótti því skýrsluhöfundi tilvalið að gera grunnrannsókn á þessu sviði. Ákveðið var að afmarka verkefnið við greiningu á listaverkamarkaðinum sem fjárfestingakosti.

Rannsóknarspurningin sem sett var fram er eftirfarandi:

„Er íslensk myndlist áhugaverður fjárfestingakostur?“

Til þess að svara þessari spurningu var ljóst að safna þyrfti frumheimildum. Gerð var meginndleg könnun meðal starfandi listamanna um nám og launakjör þeirra. Einnig var gerð meginndleg rannsókn á listaverkasöfnun fjögurra einstaklinga. Þá var gerð eigindleg rannsókn á áhættu 55 rekstraraðila sem starfa á íslenska listaverkamarkaðinum auk þess sem farið var í fræðilega söguskoðun á upphafi listaverkamarkaða og þeir bornir saman við markaði með verðbréf.

Í skýrslunni er fyrst farið yfir sögu og umhverfi listaverkamarkaða. Því næst er verðmyndun listaverka og markaður með íslenska myndlist skilgreindur. Þá er fjallað um framboðs- og eftirspurnarföll og hvaða þættir hafa áhrif á þau. Að lokum er farið í úrvinnslu tölulegra gagna og þau borin saman við sambærilegar rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis og helstu niðurstöður dregnar fram.

Markmið þessarar skýrslu er:

- Hún verði fræðandi, áreiðanleg og fullnægi kröfum skólans um lokaritgerðir í grunnnámi til B.Sc gráðu.
- Að skýrslan dýpki skilning rannsakanda og lesanda á íslenska myndlistarmarkaðinum.
- Þjálfa rannsakanda í að beita viðurkenndum rannsóknaraðferðum.
- Skýrslan geri fræðileg skil á helstu þáttum íslensks myndlistarmarkaðar.

Helstu annmarkar skýrslunnar eru:

- Ekki er hægt að alhæfa út frá úrtakinu.
- Túlkun gagna er að hluta til huglægt.
- Listaverkasöfnin sem rannsökuð voru endurspegla ekki endilega markaðinn.
- Erfitt er að spá fyrir um framtíðarávöxtun vegna bankahrunsins í október 2008 .

2. Saga

Saga viðskipta með hlutabréf á almennum markaði og saga viðskipta með listaverk í Vestur-Evrópu eiga sér keimlíka sögu. Viðskipti með hvort tveggja, hlutabréf og listaverk, hefst á svipuðum tíma. Verðbréfamiðlarar sjá um viðskipti með hlutabréf í gegn um kauphallir á meðan listaverkasalar sjá um sölu á listverkum í gegnum uppboðshús.

Verslun með listaverk og viðskipti með hlutabréf hófust mun seinna á Íslandi en í Evrópu og virkur markaður með hvort tveggja er rétt rúmlega tveggja áratuga gamall.

2.1. Saga kauphalla og verðbréfaviðskipta

2.1.1. Kauphallir í Evrópu

„My trade and art is to live“. Michel de Montaigne

Almennt er talið að hið hollenska Austur-Indíafélagið hafi verið fyrsta hlutafélagið sem skráð var í opinbera kauphöll. Þetta var 1602 þegar félagið var skráð í kauphöllina í Amsterdam. Saga kaupþinga nær þó lengra aftur því miðlarar í Frakklandi versluðu með skuldabréf og ríkisverðbréf á tólftu öld (ADVFN PLC, 2008). Fyrsta norræna kauphöllin var stofnuð nokkrum árum seinna í Kaupmannahöfn þegar Københavns Fondsbørs var stofnað 1619 (AktiePlus.dk, 2008). Hin norðurlöndin að Íslandi undanskildu opnuðu ekki kauphallir fyrr en um tvö hundruð árum síðar (NationMaster.com, 2003). Tvær þekktustu kauphallirnar eru líklega í London og í New York (stofnað 1792). Kauphöllin í London var stofnuð 1688 en upphaf hennar má rekja til þess að miðlarinn John Castaing birti daglega verð hlutabréfa og hrávöru í tveimur kaffihúsum í London (Absolute Astronomy, 2008). Þrátt fyrir langa sögu kauphallarviðskipta voru ekki sett sérstök lög um hlutafélög fyrr en nærri tveimur öldum seinna. Í Svíþjóð, Frakklandi og Þýskalandi voru fyrstu hlutafélagalögin sett 1916 og 1917 í Danmörku. Á Íslandi voru fyrstu hlutafélagalögin sett 1921 (Gylfi Magnússon, 2007, bls. 5).

2.1.2. Verslun með hlutabréf á Íslandi

„Listamaður er einhver sem framleiðir hluti sem fólk þarf ekki á að halda“. Andy Warhol

Saga íslensks hlutabréfamarkaðar er mun styttri en í nágrannalöndum okkar sem og í öðrum löndum Evrópu en rúmlega tveir áratugir eru síðan Verðbréfaþing Íslands var stofnað. Nafni Verðbréfaþing Íslands var síðan breytt í Kauphöll Íslands (Seðlabanki Íslands, 2005) sem árið 2006 var keypt af Nasdaq OMX félaginu (Óli Kristján Ármannsson, 2006).

Fyrsta íslenska hlutafélagið var stofnað fyrir tilstuðlan Skúla Magnússonar landfógeta árið 1751 með þrettán hluthöfum og 1550 ríkisdöllum í hlutafé (Gylfi Magnússon, 2007). Hlutafélagið sem hét á dönsku „De Nye Indretninger“ var kallað Innréttingarnar á Íslandi (Jón Jónsson, 2008). Félagið varð ekki langlíf því einokunarfyrirtækið Almenna verslunarfélagið yfirtók reksturinn 1764 og lagði það niður árið 1800 (Gylfi Magnússon, 2007).

Fyrsta almennings hlutafélagið var Hlutafélagið Eimskip sem stofnað var 1914 með 14000 hluthöfum sem á þeim tíma var 15% af íslensku þjóðinni. Á þessum tíma álitu margir það skyldu sína að leggja fé í þetta fyrirtæki. Stoltið af því að eiga bréf í þessu hlutafélagið var þannig að margir römmuðu hlutabréfin inn og hengdu upp sem stofustáss. Ekki ólíkt því að hengja upp málverk í stofunni sinni. Verð hlutabréfa Eimskips hafa sveiflast mikið á þeim nærri eitt hundrað árum sem félagið hefur starfað. Þannig var gengi bréfanna um fjórðungur af nafnvirði rétt fyrir seinni heimsstyrjöldina (Gylfi Magnússon, 2007). Sjötíu árum síðar, þann 15. október 2008, var gengi félagsins skráð á helming af nafnvirði en hafði hæst farið í 47,35 þann 20 janúar 2006 þegar félagið (Avion Group) var skráð í Kauphöll Íslands (Nasdaq OMX, 2009).

Verslun með hlutabréf var stirð í upphafi. Sveinn Björnsson sem síðar varð fyrsti forseti íslenska lýðveldisins bauð Landsbanka Íslands að „selja bréf og auglýsa þau fyrir almenningi, - kenna fólki að kaupa bréfin.“ Fyrir þessa þjónustu óskaði Sveinn að fá 1% í sölubóknun en bankastjórnin neitaði þessari beiðni hans. Gékk bankastjórnin svo langt að segja þetta „...einhverja þá lævíslegustu tilraun til að koma bankanum á kné...“ og fór Sveinn af fundi stjórnarinnar með þá hugmynd að hann væri glæpamaður (Sveinn Björnsson, 1957, bls. 84).

Árið 1903 var Íslandsbanki hinn fyrsti stofnaður í Kaupmannahöfn og skráður þar í kauphöllina árið eftir, fyrst íslenskra fyrirtækja. Einhver viðskipti áttu sér stað með

bréf í bankanum en næstum níutíu ár liðu þar til annað íslenskt fyrirtæki var skráð í kauphöll (Gylfi Magnússon, 2007).

Þó ekki væri til formleg kauphöll á Íslandi þá voru til fyrirtæki sem settu á fót kaupþing. Þannig stofnaði Stefán Bjarnason fyrirtækið Kauphöllina 1934 en Aron Guðbrandsson kom síðar að því fyrirtæki. Landsbanki Íslands stofnaði fyrirtækið Kaupþing Landsbankans 1942 (Gylfi Magnússon, 2007).

Landsbanka Íslands var skipt upp í tvær deildir 1957, viðskiptabanka og seðlabanka. Seðlabanka Íslands er veitt leyfi til að stofna kauphöll 1961 en af því varð ekki fyrr en Verðbréfaþing Íslands var sett á fót 1985. Fjórum árum áður hafði Seðlabankanum verið gefið nafnið Kauphöllin þegar fyrirtæki þeirra Stefáns og Arons var lagt niður við fráfall þeirra. Seðlabankinn breytti ekki nafni Verðbréfaþings Íslands fyrr en 2002 og notaði eftir það nafnið Kauphöll Íslands. Fyrsta hlutafélagið til þess að skrá bréf sín á Verðbréfaþing Íslands var Olís árið 1990 og fyrstu viðskiptin urðu árið eftir (Gylfi Magnússon, 2007).

Ris íslensk hlutabréfamarkaðar náði hámarki sínu á áratugnum eftir einkavæðingu bankanna sem fór fram á árunum 1999 til 2003. Einkaaðilar komu inn í bankanna sem kjölfestufjárfestar og útrás fjárfestingabankastarfsemi hófst að miklu leiti með skuldsettum yfirtökum á erlendum fyrirtækjum og bönkum (Ríkisendurskoðun, 2003). Aðeins fimm árum seinna hafði íslenska ríkið þjóðnýtt þrjá stærstu bankana í kjölfar alþjóðlegrar lausafjárfestingar. Á þeim tíma sem þeir störfuðu sem almenningshlutafélög stóðu bankarnir fyrir stærsta hluta úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands. Úrvalsvisitölu fór hæst í 9016,48 stig 18. júlí 2007 en hafði lækkað um 96,58% þann 4. febrúar 2009 og stóð þá í 308,53. Um leið og stærstu fjármálastofnanirnar hurfu af markaðinum urðu framleiðslufyrirtækin Marel, Össur og Bakkavör helstu fyrirtækin í vísitölunni (Nasdaq OMX, 2009).

2.2. Saga listaverkamarkaðar

2.2.1. Verslun með listaverk í Evrópu

„Listaverkasalinn ... leitast við að viðhalda orðspori sínu því það er undirstaða ríkidæmi hans.“(Joullain, 1786)

Segja má að saga vestræns listaverkamarkaðar hefist um 1450 þar sem helstu markaðirnir eru annars vega í Flórens á Ítalíu og hins vegar í Bruges í Belgíu. Á þessum mörkuðum koma fram mörg mismunandi form þar sem sala á listaverkum fer fram. Til að byrja með selja listamennirnir sjálfir beint til kaupandans, þ.e. einn kaupandi og einn seljandi. Listamenn ráku vinnustofur sínar eins og framleiðslufyrirtæki og á þessum tíma var ítalski listmálarinn Neri di Bicci með tekjuhæstu listmálurunum í Flórens enda seldi hann ekki einungis til ríkra velunnarra eins og Medici ættarinnar heldur til margra listaverkaunnenda í lægri stéttum. Framleiðslukostnaður listamanna á þessum tíma var hár en talið er að framlegð Neri di Bicci hafi legið á milli 10 til 15% (Marchi & Van Miegroet, 2006, bls. 75). Ýmsar hindranir voru settar á sölu listaverka á Ítalíu sem komu í veg fyrir að milliliðir, sérhæfðir listaverkasalar, gætu stundað viðskipti. Aðeins listamaður mátti selja ítölsk listaverk á innanlandsmarkaði en aðrir máttu flytja inn og selja listaverk eftir erlenda höfunda (Marchi & Van Miegroet, 2006, bls. 99). Árið 1445 færðist markaðurinn norðan Alpanna frá Bruges til Antwerpen þar sem fram komu markaðir sem seldu listaverk allt árið um kring. Stærsti og líklega sá fyrsti sem eingöngu seldi málverk var hinn nýji skiptimarkaður sem borgaryfirvöld í Antwerpen settu á fót 1540. Stærstur listaverkasala þar var Jan Van Kessel sem hafði 610 málverk á lager þegar hann dó 1581 (Marchi & Van Miegroet, 2006, bls. 87). Eftir 1580 fór efnahagslífið í Antwerpen að dala auk þess sem listaverkamarkaðurinn þar brann 1583. Upp frá þessu fluttu listaverkasalarnir sig til Parísar og annarra borga Frakklands. Flestir þeirra einbeittu sér þó ekki aðeins að listaverkum heldur aðallega að sölu ýmissa muna úr búum sem komu til skipta, listaverkasalan var einungis hliðarbúgrein. Pellegrino Peri (1624 – 1699) frá Feneyjum er talinn hafa verið fyrsti listaverkasalinn sem einbeitti sér að ákveðinni gerð listaverka og sá eini á sínum tíma sem hafði einungis tekjur af listaverkasölu. Hann hafði sex listamenn á sínum snærum og fjórir þeirra náðu góðum árangri. Peri var stórtækur listaverkasali og átti 2491 listaverk á

lager við dauða sinn 1699, fjórum sinnum fleiri en kollegi hans Van Kessel í Antwerpen (Marchi & Van Miegroet, 2006, bls. 102-103).

2.2.2. Nýjar markaðsaðferðir

Snemma á átjándu öldinni komu fram listaverkasalar sem breyttu fyrirkomulagi fyrri kynslóða og settu fram markaðsaðferðir sem eru enn notaðar. Edme-Francois Gersaint (1694-1750) setti upp verslun í Pont Notre-Dame í París. Fyrir þann tíma hafði ekki tíðkast að málverk væru sett upp í verslun og höndlað með þau eins og hverja aðra vöru. Gersaint starfaði ekki alfarið eins og hver annar verslunareigandi heldur einnig



Mynd 1. Málverk Jean Antoine Watteau af galleríi Edme-Francois Gersaint í Pont Notre-Dame í París.

sem nokkurs konar velunnari þeirra listamanna sem hann starfaði fyrir og þá helst góðvin sinn Jean Antoine Watteau listmálara. Markaðaðferðir Gersaint fólust meðal annars í því að gefa út ítarlegar skrár yfir listaverk sem til sölu voru. Fyrst skráin kom út 1736. Í kjölfar velgengni Gersaint komu aðrir listaverkasalar og uppboðshaldarar sem beittu sömu markaðsaðferðum og hann. Hefðbundin uppboð eins og við þekkjum í dag litu dagsins ljós upp úr 1750 (McClellan, 1996).

Á þessum tíma var oft ágreiningur um hvaða höfundur ætti að eigna ákveðin verk sem boðin voru til sölu. Gersaint gerði ítrekað að umtalsefni sínu hversu gott orðspor fór af honum og slíkt reyndu einnig aðrir listaverkasalar eins og Jean Baptiste Pierre Lebrun (1748-1813) og Alexandre-Joseph Paillet (1743-1814). Uppboðssalir urðu mikilvægar stöðir fyrir listaverkamarkaðinn þar sem stöðugt framboð verka var í boði

og óheftur aðgangur að góðum verkum og upplýsingum um þau. Þar sem stöðugt framboð hafði myndast fyrir sölu listaverka lagði Lebrun opinberlega til árið 1780 að söfnun listaverka væri góður grundvöllur til fjárfestinga (McClellan, 1996).

Með tilkomu uppboðshúsanna dreifuðst listaverkasalarnir um Evrópu og stærstu listaverkasöfnin sem við lýði eru í dag voru stofnuð á átjandu öldinni. Catherine hin mikla stóð til að mynda fyrir miklum kaupum á listaverkum sem nú eru undirstaða Hermitage safnins í Sankti-Pétursborg (Marchi & Van Miegroet, 2006, bls. 112).

2.2.3. Stóru uppboðshúsin

Í kjölfar þeirra breytinga sem urðu á sölu listaverka á fyrri hluta átjandu aldar spruttu upp mörg uppboðshús. Þó svo það megi finna stór uppboðshús í hverju landi fyrir sig og sum hver starfa jafnvel í nokkrum löndum eru fjögur uppboðshús sem teljast vera alþjóðleg og ráðandi á markaðinum í dag. Öll fjögur eiga uppruna sinn í Stóra-Bretlandi.

Sotheby's var stofnað í London 1744 og Christies var stofnað 1766. Þau hafa skipt með sér hinum alþjóðlega markaði og unnið full náðið saman eins og kom í ljós í lok árs 1999 þegar þau voru dæmd til greiðslu 256 milljónir dollara hvort í sekt fyrir samráð.

Phillips, de Pury & Luxembourg er þriðja stærsta uppboðshúsið en eflidist verulega í kjölfar dómsins yfir hinum tveim. Bonhams 1793 Ltd. var stofnað eins og nafnið bendir til 1793 og er yngst af þeim fjórum uppboðshúsum sem stjórna alþjóðlegum uppboðsmarkaði.

Á Norðurlöndunum hafa dönsk uppboðshús tekið yfir uppboðsmarkaðinn að Íslandi undanskildu. Bruun Rasmussen uppboðshúsið var stofnað í Bredgade í Kaupmannahöfn 1948 þar sem höfuðstöðvar þess eru enn í dag. Bruun Rasmussen rekur uppboðshús í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en hefur auk þess skrifstofur í Frakklandi, Spáni, Ítalíu, Englandi og Bandaríkjunum. Í dag er Bruun Rasmussen 10. stærsta uppboðshúsið í heiminum og stærsta á Norðurlöndum. Eins og flest hinna stóru alþjóðlegu uppboðshúsanna heldur Bruun Rasmussen uppboð jafnt á netinu sem og hefðbundin uppboð (Bruun Rasmussen, 2009).

Eitt elsta uppboðshúsið á Norðurlöndum er hins vegar Lauritz Christensen stofnað 1885 í Kaupmannahöfn. Það var með fyrstu uppboðshúsum í heiminum til að hefja uppboð á netinu og líklega fyrsta til að hætta hefðbundum uppboðum og færa sig alfarið á netið (Lauritz Christensen, 2009).

Þessi tvö uppboðshús, Bruun Rasmussen og Lauritz Christensen, selja flest þeirra íslensku listaverka sem seld eru utan Íslands (Íslenska listaverkavísitalan, 2009).

2.2.4. Íslensk listaverkasaga

Í samanburði við listasögu annarra landa þá er íslensk listasaga mjög stutt. Árið 1858 kom Sigurður Guðmundsson (1833 – 1874) heim til Íslands úr námi í Kaupmannahöfn. Almennur landsins studdi hann með fjárgjöfum en þrátt fyrir velvilja var fólk ekki reiðubúið til að kaupa listaverk hans og þess í stað vann hann fyrir sér sem leiktjaldamálari og teiknikennari. Leiktjöld hans frá 1862 eru talin vera fyrstu landslagsmálverkin eftir íslenskan listamann (Björn Th. Björnsson, 1964, bls. 39). Sigurður kenndi þónokkrum konum teikningu meðal annars Þóru Pétursdóttur Thoroddsen áður en hún hélt sjálf til Kaupmannahafnar til náms. Seinna tók Þóra Þórarinn B. Þorláksson í leiðsögn áður en hann fór út til náms haustið 1895 (Björn Th. Björnsson, 1964, bls. 44-45) en Þóra málaði fyrst íslenskra málara Þingvelli með bæinn og kirkjuna í forgrunni (Hrafnhildur Schram, 2005, bls. 65).

Fyrir tíma Sigurðar Guðmundssonar höfðu nokkrir ómenntaðir listamenn stigið fram á sjónarsviðið. Má þar nefna Sólon Islandus, Helga Sigurðsson, Jón Helgason. Enginn þeirra hélt þó sýningu á verkum sínum. Lengi hefur verið talið að fyrsta myndasýningin sem haldin var á Íslandi hafi verið í ágúst 1879. Sýningin var á eftirprentunum erlendra málverka í Glasgow, húsnæði sem var nálægt þeim stað sem nú er Vesturgata 3 og var sett upp fyrir tilstilli Þorlákars Ó. Johnson. Jón Vídalín biskup hélt aftur á móti sýningu á listaverki eftir séra Hjalti Þorsteinsson frá Vatnsfirði (1665 – 1754) í þingbúðum sínum á Þingvöllum 1714. Séra Hjalti fékk leiðsögn í dráttlist í Kaupmannahöfn og var með fyrstur Íslendingum til að mála með olíulitum. (Bjarki Bjarnason, í prentun).

Sýningarhald er einn af mikilvægustu þáttum í markaðssetningu myndlistarmanns á list sinni en fyrsta hefðbundna einkasýningin á málverkum á Íslandi var sýning Þórarins B. Þorlákssonar í desember árið 1900 sem hann hélt í Glasgow. Ásgrímur Jónsson hélt svo sýningu 1903 í Melstedshúsi við Lækjartorg, þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur stendur nú (Björn Th. Björnsson, 1964).

Flest allir íslenskir myndlistarmenn í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. fóru erlendis til náms og þá aðallega Kaupmannahafnar. Næstir á eftir Sigurði málara til að fara til náms voru Þóra Pétursdóttir Thoroddsen, Þórarinn B. Þorláksson, Einar Jónsson frá Galtafelli og nafni hans Einar Jónsson frá Fossi.

Á árunum fram til 1910 kveður helst að frumherjunum Jóni Stefánssyni sem fer til náms 1903 og síðan til Parísar í skóla Matisse 1908. Ásgrímur Jónsson málar eina af sínum frægustu myndum af Heklu 1909 eftir ferðalag til Rómar og Þýskalands. Upp frá þessu hefjast reglulegar sýningar hér á landi. Jón sýndi fyrst opinberlega á stórri samsýningu, Kunsternes Efterarsudstilling, í Kaupmannahöfn 1919 en kom síðan heim og opnar litla sýningu á landslagsmyndum í húsi KFUM. Þórarinn B. Þorláksson gekk fram til stofnunar Listvinafélagsins 1916 sem síðar byggði Listvinahúsið á Skólavörðuholti yfir starfseminu (Björn Th. Björnsson, 1964).

Listvinahús Guðmundar Einarssonar frá Miðdal er opnað 1930 og þá hefst listmunagerð á Íslandi. Guðmundur gerði ýmsar tilraunir í leirmunagerð og var frumkvöðull á ýmsum sviðum. Hann reyndi að nota íslenskan leir í verk sín með misjöfnum árangri og hann flutti fyrstu þrykkpressuna til landsins sem notuð var til þess að gera grafíkmyndir. Gallerí Fold við Rauðarárstíg varðveitt nú þrykkpressuna. Formlegt listnám hófst hér á landi með stofnun Handíðaskólans 1935 sem síðar varð Myndlista- og handíðaskóli Íslands 1964 þegar fyrstu heildarlög um skólann voru samþykkt. Skólinn hefur nú runnið í Liftháskóla Íslands sem stofnaður var 1998 (Þskj. 690-463). Í dag fara flestir listamenn í grunnnám hérlendis og þeir sem halda áfram í framhaldsnám erlendis (Elínbjört Jónsdóttir, munnleg heimild).

2.2.5. Stjórnsmál og myndlist

Stjórnsmál blandast inn í listaverkamarkaðinn eins og aðra geira þjóðfélagsins og menn skipa sér í fylkingar. Jónas frá Hriflu sem var formaður menntaráðs 1934 – 1946 reyndi að hafa áhrif á þær liststefnur sem yrðu ofan á og uppskar listamannadeiluna 1942. Hann reyndi og tókst að einhverju leyti að aðskilja þá sem honum voru þóknanlegir frá þeim sem síður æskilegir voru. Jónas setti upp Gefjunarsýninguna til háðs á þeim listamönnum sem Menntamálaráð hafði andúð á, þar sem skilin á milli góðs og illis í íslenskri myndlist yrðu dregin „þingheimi öllum til glöggvunar“ og spurði; „Er þetta það sem koma skal?“ Þeir listamenn sem ekki þóttu boðlegir íslensku þjóðinni voru; Jón Stefánsson, Gunnlaugur Scheving, Hjörtur Snorrason, Jóhann Briem, Jón Engilberts og Þorvaldur Skúlason. Í kjölfar þessara deilna var Listamannaskálinn byggður og var aðal sýningarsalurinn í Reykjavík allt þar til Bogasalurinn í Þjóðminjasafninu var tekinn í notkun (Björn Th. Björnsson, 1964).

Þorvaldur Skúlason var einn sá fyrsti til þess að hefja nám annars staðar en í Kaupmannahöfn er hann hóf nám í Osló hjá Axel Revold. Þorvaldur hélt sýningu á „óhlutrænum“ myndum eins og hann kallaði það árið 1938 í Liverpool við Vesturgötu (Björn Th. Björnsson, 1964).

Septembersýningin 1947 vakti mikil blaðaskrif og deilur en listamennirnir sem tóku þátt í þeirri sýningu þýddu greinar um Picasso og fleiri sem vöktu meiri athygli en listaverkin sjálf. Septemberhópurinn var endurvakin 1974 þegar Septemhópurinn kom saman en í honum voru félagarnir margir þeir sömu og sýndu 1947 (LR, 1990). Nokkrir listamenn gerðu tilraunir með strangflatarmálverkið upp úr 1950 og braut það blað í íslenskrari listasögu. Upp úr 1950 ferðuðust listamenn víðar um heiminn en áður og urðu fyrir nýjum áhrifum en þar á meðal voru þau Þorvaldur, Örlygur Sigurðsson, Nína Tryggvadóttir og Louisa Matthíasdóttir sem dvöldu í París (Björn Th. Björnsson, 1964).

2.2.6. Þjóðarmálarinn Jóhannes S. Kjarval

Íslendingar eiga einn málara sem hægt er að kalla þjóðlistamann; Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885 – 1972). Jóhannes S. Kjarval fór eins og flest allir aðrir listmálarar á fyrri hluta 20. aldarinnar til náms erlendis. Fyrst fór hann til London 1911 og dvaldi þar í eitt ár og skoðaði verk Williams Turner og fleiri. Þá lá leið hans til Kaupmannahafnar þar sem hann hóf nám 1912. Um leið og hann lauk námi 1918 sýndi hann málverk á Den Frie sýningunni í Kaupmannahöfn. Á þessum tíma málaði Kjarval eitt merkasta verk sitt í kúbískum stíl, „Hvítasunnudagr (Pinsedag)“.

„Málverkið „Hvítasunnudagur“ (Pinsedag) er í alla staði eitt það áhugaverðasta listaverk sem skapað var af Kjarval og þannig einnig fyrir íslenska listasögu.“ (Ólafur Ingi Jónsson, munnleg heimild)

Landsbanki Íslands keypti verkið fyrir milligöngu höfundar á vordögum 2007 og greiddi hæsta verð sem greitt hafði verið fyrir verk eftir Kjarval. Verkið var slegið á uppboði hjá Bruun-Rasmussen á DKK 1.300.000,- en þegar uppboðsgjöld, rannsóknar- og flutningskostnaður auk virðisaukaskatts hafði verið greiddur var kostnaður við verkið komið í rúmlega 24 milljónir íslenskra króna.

Kjarval kom aftur til Íslands 1919 og hélt sýningu í húsnæði KFUM. Fyrsta vegglistaverkið, fresku, gerði Jóhannes S. Kjarval í Landsbankann 1924. Þetta er djörf mynd af konum á stakkstæðinu með saltfisk. Verkið er enn hægt að skoða í húsakynnum NBI hf.

Kjarval var mjög afkastamikill listamaður en átti þó erfitt með að fjármagna sig á fyrri hluta feril síns. Menntamálanefnd studdi við bakið á Kjarval oft en einu sinni og

1928 kaupir nefndin 50 andlitsmyndir af honum á kr. 100,- hverja mynd og 1935 var sett upp heiðurssýning þar sem hann sýndi 410 listaverk í Menntaskólanum í Reykjavík. Árið 1941 málar Kjarval eina af höfuðmyndum sínum „Fjallamjólk“. Í þenslu stríðsáranna gekk honum mjög vel og á sýningu í Listamannaskálanum 1945 seldi hann öll verkin sín á innan við 30 mínútum. Eftir sýninguna í Listamannaskálanum hófust umræður um að ríkið byggi yfir listaverk Kjarvals en það var ekki fyrr en 1973 sem Kjarvalsstaðir eru opnaðir (Björn Th. Björnsson, 1964).

2.2.7. Höggmyndalist

Höggmyndalist naut mikillar virðingar þjóðarinnar allt frá því Einar Jónsson frá Galtafelli fær verk sitt „Útlagarnir“ til landsins 1904 þegar Ditlev Thomsen kaupmaður í Reykjavík keypti það og gaf íslensku þjóðinni. Ásmundur Sveinsson var fyrstur Íslendinga til þess að fara til Svíþjóðar í nám en þegar heim er komið vann hann aðallega í kúbíska eða abstrakt skúlptúra en Einar Jónsson vann með táknræna skúlptúra. Listasafn Einars Jónssonar var fyrsta byggingin sem byggð var undir safn. Einar var mjög sterkur í vitund íslensku þjóðarinnar sem sjá má á því að hann var fluttur heim 1914 á kostnað ríkisins. Byrjað var að byggja safnið 1916 og það opnað sjö árum síðar. Einar valdi safninu stað á Skólavörðuholti (Björn Th. Björnsson, 1964).

2.2.8. Söfn á Íslandi

Listasafn Íslands (LÍ) var stofnað með listaverkagjöf frá Dönum í Kaupmannahöfn í október 1884. Verkin voru sett upp á sýningu á Alþingi. Segja má að þá hafi landsmenn í fyrsta sinn séð fagrar listir og hafði það mikil áhrif á listamenn þjóðarinnar sem síðar áttu eftir að fara til náms erlendis (LÍ, 2009).

Nokkur önnur söfn hafa verið byggð eða sett upp til heiðurs ákveðnum listamönnum en einnig eru sérsöfn eða söfn tileinkuð Jóhannesi S. Kjarval, Ásmundi Sveinssyni, Sigurjóni Ólafssyni, Ásgrími Jónssyni, Gerði Helgadóttur, Tryggva Ólafssyni, og Erró. Segja má að gjöf Errós á meira en fjögur þúsund verkum til Reykjavíkurborgar hafi ýtt við borginni að stækka Listasafn Reykjavíkur og taka Hafnarhúsið undir listasafn.

Auk safnanna hafa óteljandi sýningar á seinni árum verið haldnar í hinum ýmsu galleríum (Elínbjört Jónsdóttir, munnleg heimild).

2.2.9. Átök um stefnu

Ýmis átök hafa einkennt íslenska myndlistasögu og aðskilnaðurinn á milli þeirra sem eru í náðinni og „hinna“ hefur verið fyrir hendi frá dögum Jónasar frá Hriflu og jafnvel fyrr. Þorvaldur Skúlason hafði mikil áhrif á samferðamenn sína og íslenska listasögu. Sem mótvægi við áhrif Þorvaldar var SÚM hópurinn stofnaður 1965 og stóð hópurinn fyrir fjölmörgum sýningum (LR, 1989). Upp úr SÚM hópnum var síðan Nýlistasafnið stofnað 1978 (LÍ og Nýlistasafnið, 1988). Sem andsvar við konsepti SÚM-aranna voru settar á fót nokkrar sýningar eins og Gullströndin andar í JL-húsinu og UM á Kjarvalsstöðum 1983 og Sjö sýningin í Norræna húsinu 1982 þar sem Daði Guðbjörnsson, Tumi Magnússon, Tolli og Ómar Stefánsson ásamt fleirum komu fram með nýja málverkið (Daði Guðbjörnsson, munnleg heimild). Ýmsir hópar hafa sprottið upp eftir það en helst mætti nefna Gullpenslanna sem hafa sýnt saman nokkrum sinnum. Annar hópur sem hefur verið áberandi síðastliðinn áratug er hópur tíu myndlistarmanna sem stofnuðu Kling og Bang gallerið 2003. Stefna þeirra er að „kynna myndlist sem ögrar samhengi og innihaldi skapandi hugsunar“ (Kling og Bang gallerí, 2009).

Félag íslenskra myndlistarmanna var stofnað 1928. Haustsýningar FÍM höfðu mikil áhrif. Þeir sem tóku þátt í þeim sýningum gerðu almenningi kleift að fylgjast með þróun margra listamanna í einu. Þessar sýningar voru meðal annars settar upp í Iðnskólanum og á Kjarvalsstöðum.

2.2.10. Uppboð á Íslandi

Fyrsta uppboðið á Íslandi var haldið í desember 1953 af Sigurði Benediktssyni uppboðshaldara (Sigurður Benediktsson, 1953). Uppboðið fór fram á Hótel Sögu og voru verkin sýnd á forsýningu í tvo til þrjá daga áður. Næstu ár þar á eftir, allt fram til ársins 1984 þegar Gallerí Borg hélt sín fyrstu uppboð, (Gallerí Borg, 1984) voru einungis haldin eitt til fjögur uppboð á ári. Aðrir uppboðshaldarar hafa verið Kristján Guðmundsson sem hélt nokkur uppboð á árunum frá 1963 til 1973 og Klausturhólar en uppboðshaldarar þar voru til skiptis feðginin Guðmundur Axelsson og Guðrún Guðmundsdóttir. Klausturhólar héldu 200 uppboð á árunum frá 1975 til 1997 en flest þeirra voru uppboð á bókum. Þá er ótalin Þárr Halldórsson í Svarthömrum sem hélt fimm uppboð, síðast 1997. Eins og áður sagði hóf Gallerí Borg uppboðshald árið 1984 og hélt því áfram til ársins 1997. Haldin voru 82 uppboð bæði undir stjórn stofnenda fyrirtækisins og svo síðar undir stjórn Péturs Þórs Gunnarssonar (Áslaug

Heiðarsdóttir, Fjóla Kristinsdóttir, Jóhann Ágúst Hansen, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir og Svandís Ragnarsdóttir). Gallerí Fold hefur haldið 46 uppboð frá árinu 1994 og var eina uppboðshúsið á Íslandi frá 1997 til 2007 þegar fyrirtækið Arnason og Andonov hóf starfsemi. A&A hélt einungis tvö uppboð áður en fyrirtækið lagði niður starfsemi (Steinþór Guðbjartsson, 2007). Gallerí Fold heldur 8 uppboð á ári og býður upp um 100 verk í hvert sinn. Endurreist Gallerí Borg hóf síðan uppboð að nýju 2008 (Jakob Bjarnason, 2008). Fyrir utan þessi hefðbundnu uppboð fara fram fjöldinn allur af góðgerðaruppboðum hjá hinum ýmsu félagasamtökum en uppboðshúsin hafa einnig haldið góðgerðaruppboð eins og til dæmis uppboð nr. 16 hjá Galleríi Fold (Gallerí Fold, 2001).

3. Umhverfi myndlistarmarkaðar

„... he said to Bauer the antique dealer: „A man as scholarly as yourself shouldn't be a dealer, it's horrible to be a dealer.“ To which Bauer replied: „Between you and me there's no great difference; I'm an intellectual dealer and you're a dealing intellectual.“Berenson never forgave him that“ (Gimpel, 1986, bls. 248).

Eins og með alla markaði hafa ytri áhrif veruleg áhrif á rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja og aðila sem á markaðinum starfa. Félagslegir- og siðfræðilegir þættir og málefni tengd umhverfisvernd skipta máli fyrir flest fyrirtæki þó í mismiklu mæli sé. Aðrir þættir hafa hins vegar róttækari og beinni áhrif á rekstur fyrirtækja. Þannig geta tækninýjungar breytt markaðinum. Traust almennings á verslun á netinu getur til að mynda auðveldað fyrirtækjum að ná til stærri viðskiptavinahóps með minni tilkostnaði en áður. Hagsmunaaðilar eins og verkalýðsfélög geta haft bein áhrif á rekstrarkostnað fyrirtækja. Hið pólitíska, lagalega og stjórnsýslulega umhverfi sem fyrirtæki starfa í hefur líklega mest áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja. Breytingar á lögum geta haft víðtæk áhrif á rekstrarafkomu fyrirtækja og breytt markaðinum. Þegar ríkisbankarnir voru einkavæddir upp úr 2002 fylgdi viðamikið málverkasafn þeirra með í kaupunum. Þetta gagnrýndu ýmsir og reyndu að færa rök fyrir því að söfn bankanna væru sameign þjóðarinnar og hætta væri á að þeir seldu verkin jafnvel úr landi. Þessar eignir voru ekki sérstaklega tilgreindar frekar en aðrir lausafjármunir en talið var að Landsbanki Íslands ætti um 300 listaverk á þessum tíma (Morgunblaðið, 2002). Nú þegar þessir sömu bankar eru aftur komnir í eigu ríkisins eftir bankahrundið mikla í október 2008 eru enn á ný komnar upp raddir um að færa listaverkasöfnin yfir til ríkisins, nánar tiltekið til Listasafns Íslands. Tvö frumvörp til laga hafa verið sett fram í þessa veru (Þskj. 107-100). Að mati höfundar er slík aðgerð ekki til bóta fyrir listaverkamarkaðinn þar sem hvati þessara stóru kaupenda sem bankarnir voru til að hlúa að og bæta safnakostinn hverfur. Nýji Landsbankinn (NBI hf) á nú um 1700 listaverk og hefur því safnaeignin aukist um 1400 verk frá árinu 2002 (Sigtryggur Sigtryggsson, 2008). Einnig má benda á að húsakostur LÍ er nú þegar of lítill og má gera ráð fyrir að almenningur hafi færri tækifæri til að sjá þessi verk en nú þegar þau hanga uppi á veggjum bankanna.

3.1. Lög og reglugerðir

Ytri þættir sem mest áhrif hafa á aðila myndlistarmarkaðarins eru lög og reglugerðir sem starfa þarf eftir. Fyrirtæki og einstaklingar sem starfa á þessum markaði fara eftir sömu lögum og aðrir lögaðilar gera. Í lögum um verslunaratvinnu nr. 28 frá 8. apríl 1998 er til að mynda sérstaklega fjallað um listmunauppboð og þau skilyrði sem uppboðshaldari og kaupandi þurfa að uppfylla (Lög nr. 28/1998). Í fjórðu grein laga nr. 50 frá 24. maí 1988 um virðisaukaskatt er kveðið á um að listamenn, að því varðar sölu þeirra á eigin verkum, eru undanþegnir virðisaukaskatti. Jafnframt eru þeir undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts við flutning á eigin verkum til landsins enda falli þau undir tollskrárnúmer 9701.1000 – 9703.0000. Uppboðshaldarar eru einnig undanþegnir innheimtu virðisaukaskatts að því er varðar sölu verka á listmunauppboðum (Lög nr. 50/1988).

Þau lög sem sérstaklega taka á hagsmunum „framleiðanda“ listaverka, listamannanna, eru höfundalögin sem sett voru 29. maí 1972. Höfundalögin útlista markmið Bernarsáttmálans sem samþykktur var á alþingi með lögum nr. 74 frá 5. júní 1947 og með síðari breytingum í lögum nr. 80 frá 31. maí 1972. Í Bernarsáttmálanum eru sambandslöndin einhuga um að vernda á svo virkan og samræmdan hátt, sem kostur er, rétt höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista (Lög nr. 80/1972).

3.2. Höfundaréttur

Höfundaréttargjald, eða Droit de Suite, er hægt að rekja allt aftur til 1860 en því var hins vegar ekki komið á fyrr en um 1920 í Frakklandi (Caslon Analytics, 2007). Gjaldið var hugsað til að koma til móts við þá fullyrðingu að verð listaverka hækkar yfirleitt þegar listamaður hefur starfað lengi á markaði og stundum ekki fyrr en eftir andlát hans. Milligöngumenn hagnast yfirleitt á verkum listamannsins á meðan hann fær lítið greitt fyrir sína vinnu í byrjun ferilsins. Gjaldinu er því ætlað að tryggja höfundum eða handhöfum höfundaréttar þátt í fjárhagslegri velgengni sem frumgerðir þeirra njóta.

Höfundaréttur er réttur höfunda til að ráða yfir verki sínu og hvernig það er notað eða ekki notað á síðari tímum. Hann nær til frumgerðar verks og kemur í veg fyrir að hægt sé að fjöldaframleiða verk listamanns. Listamaður tjáir sig með gerð listaverks og leggur til tíma, peninga, menntun og fyrirhöfn. Þetta er kostnaður tjáningarinnar en þegar frumgerðin hefur verið sett fram getur verið ódýrt að fjöldaframleiða verkið. Þessi tjáning er varin höfundarétti en ekki sjálf hugmyndin. Mjög dýrt yrði að reyna

að verja hugmyndir en mun ódýrara er að verja tjáningu, t.d. málverk. Leiða má líkur að því að færri listaverk yrðu framleidd ef verkin væru ekki varin höfundarétti og því hægt að segja að höfundaréttur hvetji höfunda til þess að vinna meira en ella (Landes, 2003).

Eigandi höfundaréttar á einnig réttinn til að framleiða vörur byggðar á upprunalega verkinu. Þannig er söngleikurinn *Káta ekkjan* (e. *My Fair Lady*) byggður á leikriti George Bernard Shaw „*Pygmalion*“ frá 1913 (Leikhúskórinn á Akureyri, 2004). Sá sem vill framleiða eða setja upp verk byggt á öðru höfundavörðu verki verður því að fá leyfi eiganda höfundaréttarins (Lög nr. 73/1972).

Þó verk séu varin höfundarétti eru nokkrar undantekningar sem leyfa sanngjarna notkun verkanna. Þannig getur listmunasali birt mynd af listaverki til þess að auglýsa sölu án þess að þurfa að greiða sérstaklega til höfundarins eða óska eftir leyfi frá honum (Lög nr. 73/1972).

Höfundaréttur getur einnig legið hjá öðrum en þeim aðila sem sér um sjálfa framleiðslu verksins. Hann getur legið hjá erfingum listamannsins eða hjá listamanni eins og t.d. Ólafi Elíassyni sem ræður til sín hóp manna til að búa til og setja upp listaverk. Hann er samt sem áður eigandi höfundaréttarins. Aftur á móti getur listamaður sem ráðinn er til að mála málverk haldið höfundarétti hjá sér. Þetta á reyndar ekki við sé um andlitsmynd gerð eftir pöntun (Lög nr. 73/1972).

Höfundaréttur hefur nokkuð langan gildistíma. Í dag eru verk varin höfundarétti uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar (Lög nr. 73/1972). Ýmsar ástæður liggja fyrir þessum langa gildistíma. Rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum hefur hins vegar leitt í ljós að ekki þurfi að verja verkin í svo langan tíma. Nóg væri að verja þau uns 20 ár eru liðin frá andláti höfundarins. Þessi langi gildistími dregur einnig úr hvata til þess að fjárfesta og þróa markað fyrir verk sem fallin eru úr höfundarétti og auka hættu á að t.d. rithöfundar gleymist (Landes, 2003).

Tækniframfarir hafa ýtt undir nauðsyn höfundaréttar. Þegar ljósmyndataeknin kom fram á sjónarsviðið sagði málarinn Paul Delaroche (1797 – 1859) að „frá og með deginum í dag, er málverkið dautt“. Þrátt fyrir þær tækninýjungar sem komið hafa fram hefur ekki dregið úr listrænni tjáningu. Listamenn hafa einfaldlega nýtt sér tæknina til að koma list sinni á framfæri og til frekari listsköpunar. Rétthafasamtök myndhöfunda, Myndstef, hafa einnig staðið í vegi fyrir almennri myndbirtingu á safnaeign opinberra listasafna nema gegn greiðslu sem söfnin telja sig ekki geta staðið

undir. Deila þessara aðila snýst um skynsamlega notkun höfundavarins efnis og réttmætrar greiðslu til eigenda höfundaréttar en nauðsynlegt er að finna lausn á henni sem felur í sér að almannahagsmunir séu í heiðri hafðir (Myndstef, 2007).

Á Íslandi gilda höfundalög nr. 73 frá 29. maí 1972. Þar er kveðið á um almenn réttindi höfunda auk ýmissa réttinda skyldum höfundarétti. Önnur lög sem koma inn á höfundarétt gagnavart myndlistarverkum eru aðallega lög um verslunaratvinnu nr. 28 frá 8. apríl 1998 með síðari breytingum. Þessi lög og reglugerðir sem settar hafa verið í kjölfarið skera sig sérstaklega út frá sambærilegum lögum Evrópusambandsins og samþykkt hafa verið hér á landi. Í lögunum er kveðið á um innheimtu höfundaréttar af listaverkum og skal innheimta 10% af fjárhæð sem samsvarar allt að € 3.000,-. Hvergi annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu nema á Íslandi er þetta gjald hærra en 5%

| Höfundaréttargjald – hæsti flokkur | | |
|---|----------------------|--------------------------------|
| Land | Hlutfallstala | Söluverð listaverka í € |
| Ísland | 10% | 0 – 3.000 |
| Danmörk | 5% | 0 – 50.000 |
| Svíþjóð | 5% | umfram 1.985 SEK* |
| Frakkland | 4% | 0 – 50.000 |
| Noregur | 3% | öll verk* |
| Bretland | 4% | 0 – 50.000 |
| *Hafa ekki tekið upp samevrópsku lögin. | | |

Tafla 1. Höfundaréttargjald í nokkrum Evrópuþjóðum.

Lögin sem sett voru hér á landi ganga einnig lengra en sambærileg lög í Evrópu þar sem það ber að innheimta gjaldið af verkum sem seld eru á uppboðum þó svo meira en 70 ár séu liðin frá andláti höfundarins.

Þegar höfundarréttur fellur úr gildi skiptir gjaldið um nafn og heitir fylgiréttargjald og rennur í sjóð til styrktar myndlistarmönnum og er úthlutað af Myndstefi – samtökum eigenda höfundaréttar. Iðnaðarráðuneytið skýrir þennan mun á þann veg að hér á landi var hætt að innheimta söluskatt (nú virðisaukaskatt) þegar innheimta höfundaréttargjaldsins hófst (Tryggvi Páll Friðriksson, munnleg heimild). Höfundur gerir athugasemd við að hægt sé að hætta innheimtu skatts sem rennur til samneyslu þjóðarinnar til að réttlæta eða rýma til fyrir innheimtu gjalds sem rennur til einstaklinga eða útvalins hóps.

3.3. Falsanir

„...í listasafni Maurice (innsk. höf. Baron Maurice de Rothschild) voru mörg verk sem honum líkaði ekki við, mikið af fölsunum sem hann vildi losna við og seldi hægt og bítandi eða skipti.“ (Gimpel, 1986)

Ef eftirspurn eftir listaverkum er meiri en framboð myndast markaður og tækifæri til falsana. (Bowden, 1999) Falsanir á listaverkum ná allt aftur til tíma rómverja sem gerðu eftirmyndir af grískum skúlptúrum. Áður en raunverulegur markaður eins og við þekkjum í dag myndaðist með listaverk voru eftirmyndir gerðar til heiðurs listamönnum. Á tímum endurreisnarinnar hófust aftur á móti falsanir sem voru ranglega eignaðar öðrum höfundum, þær voru gerðar til þess að hagnast (Global Oneness, 2009) og á níttjándu öld voru nýjar höggmyndir grafnar í mykju til að láta þær líta út fyrir að vera gamlar. Einnig spilar inn í að fyrir endurreisnina voru listamenn bara eins og hverjir aðrir iðnaðarmenn. Hin mikla aukning á fölsunum í lok níttjándu aldarinnar var ekki einungis vegna vanþekkingar kaupenda heldur einnig til þess að komast hjá lögum og reglum um verndun þjóðargersema. Þannig voru listverk flutt úr landi og eftirmyndir þeirra settar upp í staðinn (Schubik, 2003). Hvers vegna eru verk sem áður voru talin meistaraverk og mikils virði álitin ósýningarhæf og lítils virði þegar í ljós kemur að það sé falsað? Fölsuð listaverk eru minna virði vegna þess að þau eru gerð til þess að svíkja fé út úr kaupendum. Falsarinn ræðst að starfsheiðri listamannsins með því að falsað sögu hans og arfleið. Mikilvægasta eign listamannsins er starfsheiður hans því fyrri verk hans og árangur er það sem skapar honum nafn, heiður og að lokum tekjur. Falsanir geta verið fagurfræðilega vel gerð listaverk sem eru vel uppbyggð en í þær vantar mikilvægan þátt sem gerir þær verðminni en ella. Það vantar sköpunarþáttinn og sjálfstæða nálgun á viðfangsefnið (Bowden, 1999).

3.3.1. Stóra málverkafölsunarmálið



Mynd 2. Rannsóknartilvik nr. 27. Verk eftir danska málarann Wilhelm Wils sem var samíðamaður Jóns Stefánssonar. Reynt hefur verið að afmá merkingu Wils og merkja síðan Jóni Stefánssyni. Þetta er eitt af fjölmörgu verkum sem koma við sögu í stóra fölsunarmálinu.

Íslenskur listaverkamarkaður var í greipum falsara á árunum 1990 til 2001 þegar hundruð vafasamra verka flæddu yfir markaðinn. Þessi verk voru hvort tveggja fölsuð frá grunni sem og verk erlendra höfunda sem hverra undirskrift var afmáð og verkin eignuð íslenskum höfundi með nýrri undirskrift. Íslenskir sérfræðingar sem aðkomu höfðu að listaverkamarkaðinum voru ekki á varðbergi og gátu ekki komið í veg fyrir að tugir einstaklinga og fjöldi safna eignuðust fölsuð verk. Þannig voru verk sem síðar voru dæmd fölsuð meðal annars sett upp á sýningum í opinberum söfnum. Málverk merkt Þórarni B. Þorlákssyni en síðar eignað Gísla Jónssyni hékk á yfirlitssýningu á Kjarvalsstöðum 1993 (Tryggvi Páll Friðriksson, ERRARE EST HUMANUM, 2009). Í ritinu „L’Expertise dans la vente d’objets d’art“ kemur fram að í lagalegu tilliti hafa ekki verið gerðar sérstakar kröfur til þeirra sem kalla sig sérfræðinga í listum, hvort sem þeir eru fræðimenn, matsmenn, uppboðshaldarar, sýningarstjórar eða listaverkasalar. Þeir aðilar sem kalla sig sérfræðinga í listum fara því frekar eftir almennum siðferðisreglum sem hið alþjóðlega starfsumhverfi setur þeim frekar en

ákveðnum lagaramma. Þess vegna eru sérfræðingar sem eigna verk röngum höfundi sjaldan eða aldrei dregnir til ábyrgðar þegar upp kemst um falsanir (Centre du Droit de L'art, 1992).

| Íslenskir höfundar: |
|--|
| Ásgrímur Jónsson 1876-1958 |
| Guðmundur Thorsteinsson („Muggur“) 1891-1924 |
| Gunnlaugur Blöndal 1893-1962 |
| Gunnlaugur Scheving 1904-1972 |
| Jóhannes S Kjarval 1885-1972 |
| Jón Engilberts 1908-1972 |
| Jón Stefánsson 1881-1962 |
| Júlíana Sveinsdóttir 1889-1966 |
| Kristín Jónsdóttir 1888-1959 |
| Nína Tryggvadóttir 1913-1968 |
| Sigurður Guðmundsson 1833-1874 |
| Snorri Arinbjarnar 1901-1958 |
| Svavar Guðnason 1909-1988 |
| Þorvaldur Skúlason 1906-1984 |
| Þórarinn B. Þorláksson 1867-1924 |
| Danskir höfundar: |
| Asger Jorn 1914-1973 |
| Færeyskir höfundar: |
| Samuel Joensen Mikines 1906-1979 |

Tafla 2. Listamenn hvers verk voru fölsuð í stóra málverkafölsunarmálinu.

Ólafur Ingi Jónsson forvörður sem var aðalhvatamaður þess að rannsóknir á meintum fölsunum hófst 1997. Ári síðar taldi Ólafur að meintar falsanir á markaði væru í það minnsta 200 (Tryggvi Páll Friðriksson, Meira en 200 falsaðar myndir, e.d.) en síðar hefur komið í ljós að „fjöldi falsaðra verka er enn meiri eða um það bil 900 verk“ (Ólafur Ingi Jónsson, munnleg heimild). Í ljósi þess hversu smár íslenski

listaverkamarkaðurinn er í samanburði við þann evrópska má ljóst vera að slíkur fjöldi falsana hafi mikil áhrif.

Stóra málverkafölsunarmálið á Íslandi var tvíþætt. Pétur Þór Gunnarsson, eigandi og framkvæmdastjóri Gallerís Borgar, var í fyrri málinu dæmdur fyrir sölu á þremur fölsuðum málverkum og bókhaldsbrot, auk þess að vera dæmdur til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar. Málið snérist um þrjú málverk sem eignuð voru Jóni Stefánssyni en voru í raun eftir danskan samnemanda hans Wilhelm Wills.

Viðamiklar rannsóknir voru gerðar á verkunum sem sýndu fram á að efni í málningu voru ekki notuð í listmálunarvörur fyrr en eftir andlát Jóns Stefánssonar.

Rannsóknirnar voru framkvæmdar af bæði innlendum og erlendum sérfræðingum og komu þar helst við sögu Viktor Smári Sæmundsson hjá Listasafni Íslands, Sigurður Jakobsson hjá Raunvísindastofnun og Peter Bower sem býr yfir meira en 25 ára reynslu í pappírsmálverkum auk ýmissa listfræðinga sem vitnuðu um vinnsluáferðir Jóns Stefánssonar. Þrátt fyrir allar rannsóknirnar sem gerðar voru var ekki hægt að

sanna hver hefði falsað verkin. Aftur á móti var það hafið yfir allan vafa að Pétur Þór keypti verkin með höfundamerkingu Wilhelms Wills en seldi þau síðar með höfundamerkingu Jóns Stefánssonar (Hæstiréttardómur nr. 166/1999).

Í seinna málinu voru Pétur Þór Gunnarsson og Jónas Freydal Þorsteinsson ákærðir fyrir falsanir á rúmlega 100 listaverkum. Eins og í fyrri málinu voru sérfræðingar frá Listasafni Íslands, Háskóla Íslands auk erlenda sérfræðinga fengnir til að rannsaka verkin. Sakborningarnir voru aftur á móti sýknaðir af Hæstarétti Íslands með þeim dómsorðum að staða Listasafns Íslands sem eins kæranda í málinu hafi óhjákvæmilega verið talin „valda því að þær sérfræðilegu álitsgerðir, sem lögregla hafði aflað hjá starfsmönnum safnins fyrir útgáfu ákæru, gætu ekki talist tækar fyrir dómi“. Gilti þá einu hvort um væri að ræða myndverk, sem listsafnið hafði lagt kæru um, eða verk sem því væri óviðkomandi. Hæstiréttur komst einnig að þeirri niðurstöðu að ákærvaldið hefði mátt bæta úr þessum bresti á sönnunarfærslu með því að leita eftir dómskvaðningu kunnáttumanna til að leggja mat á þau atriði sem snúa að Listasafni Íslands, en til þess var fullt tilefni (Hæstiréttardómur nr. 325/2003).

Aðspurður sagðist Ólafur Ingi Jónsson forvörður ekki skilja þessa afstöðu dómsins þar sem hann hafi verið kærandinn í málinu en ekki Listasafn Íslands (Jóhann Ágúst Hansen, 2005).

Eftir að dómur féll í stóra málverkafölsunarmálinu árið 2004 hrundi íslenski uppboðsmarkaðurinn og eins og sjá má á Íslensku listaverkavísitölunni hrapaði hún niður í tæp 60 stig sem er lægsta gildi hennar síðan 1986 (Íslenska listaverkavísitalan, 2009).

3.3.2. Leið falsana

Talið er að leið falsana inn á íslenska markaðinn hafi oftast en ekki legið í gegnum dönsk uppboðshús. Ferlið hafi í raun ekki verið mjög flókið. Verk eftir danskan eða erlendan höfund er keypt á uppboði í Danmörku. Oft á tíðum samtímamenn íslensku frumherjanna, t.d. málara eins og hinn danska Wilhelm Wills. Höfundamerking erlenda höfundarins er fjarlægð og verkið merkt íslenskum höfundi og selt þannig á uppboði.

Hér fyrir neðan er dæmi um hvernig slíkt hefur verið gert. Í uppboðsskrá Bruun Rasmussen nr. 38 frá maí 1995 má sjá ljósmynd af verki nr. 688 eftir Emil Krause (1871 – 1945) (Bruun Rasmussen, 1995). Í uppboðsskrá Gallerís Borgar nr. 21 frá ágúst 1995 má sjá ljósmynd af sama verki. Verkið sem er nr. 89 er nú sagt eftir

Jóhannes S. Kjarval og verðmetið á kr. 700-900.000,- og slegið á kr. 550.000,-
(Gallerí Borg, 1995).

Höfundamerking Emil Krause hefur verið skorin burt og verkið merkt Jóhannesi S. Kjarval.



Mynd 3. Verk Emil Krause, annars vegar í uppboðsskrá Bruun Rasmussen (t.v.) og hins vegar í uppboðsskrá Gallerís Borgar (t.h.).

Bruun Rasmussen
Finanskammeret

KUNSTAUKTION 38
Internationale og danske
Malerier – Antikviteter

AUKTION

Tirsdag den 30. maj kl. 14.00
selges katalog nr. 1-312

Onsdag den 31. maj kl. 14.00
selges katalog nr. 313-601

Torsdag den 1. juni kl. 14.00
selges katalog nr. 602-860

EFTERSYN

Torsdag den 25. maj kl. 10.00-16.00
Fredag den 26. maj kl. 10.00-16.00
Lørdag den 27. maj kl. 10.00-16.00
Søndag den 28. maj kl. 10.00-16.00
Mandag den 29. maj kl. 10.00-16.00

— 1995 —

BRUUN RASMUSSEN
PEDERSHOLM VEJLE
Pedersholms Allé 47, 1309 Vejle
Telefon 73 92 77 22 · Telefax 73 72 47 22

| | | |
|---|--|---|
| <p>687 EMIL KRAUSE (1871-1943). Udlands på Færøerne. Maleri. Sign. monogram. 100x140. Maleriet er solgt på bestilling af olmurer H. P. Has-Schmidt, da den er i forbindelse med sin afrejse fra Færøerne i 1937 modtog en follegge fra det færøske folk. Afbildet i færøer side 48. (10.000)</p> <p>688 EMIL KRAUSE (1871-1943) Studie af ældre og yngre kvinde. Ma- leri. Sign. E. Krause 95. 102x65. Afbil- det side 96. (3.000)</p> <p>689 PEDER SEVERIN KRØYER (1851-1909) Studie til gruppebilledet -Komiteen for den franske Konstitutionsbillig i Rådhuset 1888. Maleri. 27x41. Det færdige maleri hænger på Gb- postet. Litteratur: H. Chr. Christensen, nr. 416. Udvalgte: Køver Udvalget 1905, nr. 50. Mandsbilledingen 1910, nr. 181. N. Carlsberg Glyptotek 1908. Køver og Jacobsen 1888-89. Afbildet figur 10. I forbindelse med denne ud- stilling, hvor hovedværket tillige med flere andre blev udstillet, er udgivet en folder, hvori værket er afbildet omkring. Den afbildes med følgende beskrivelse: "Det er ikke almindeligt at føle sig anderledes i et andet stads- rum i det endelige arbejde. Scenen er indfaldt alene ved den skæve dispo- sition af figurene i rummet og det færdige format. Men en imponerende agter over det succesrige dansk- franske samarbejde - og over Carl Ja- cobsons indsats som kulturformid- ler." I folderen er ligeledes gengivet en sprogstilling med angivelse af deha- gernes navne. Povlsen: Kunstnernes deshabanda- tion 1910, nr. 111. Afbildet i færøer side 39.</p> <p>690 PEDER SEVERIN KRØYER (1851-1909) Opfølgning af gruppebilledet af sit publi- kum. Tegning. Sign. P. S. Køver. Svendborg. Dedikation til Johannes. 12x20. Afbildet side 47. (6.000)</p> <p>691 PEDER SEVERIN KRØYER (1851-1909) Portret af ung kvinde. Sign. og de- </p> | <p>692 L. KYTNER Oversøisk mand i danseretøj. I hage- grunden sejsparat ornamente. Ma- leri. Sign. L. Kytner. 13x68. Afbildet side 85. (6.000)</p> <p>693 C. A. MØLLE (1827-1872) Portret af ung pige med kniplings- kæde. Maleri. Sign. C. A. Mølle. 18x8. Oval indramning. 34x28. (4.000)</p> <p>694 JAN SIA COOR (1837-1909) Elevensengen ved Flensborg Strand. Maleri. Sign. J. S. Coor. 29. okt. 1893. 19x76. Afbildet side 95. (6.000-8.000)</p> <p>695 JAN SIA COOR (1837-1909) Skulptur. Jense. Maleri. Sign. J.S., maj 1894. 20x41. (3.000)</p> <p>696 JAN SIA COOR (1837-1909) Gæster, mønt fra Italien. Maleri. 25,5x38. På bagveden stempel fra Kunstmuseet doobio. 1910. (2.500)</p> <p>697 JOHANN GUSTAV LANGE (1744-1811-1887) Jugterne, vinter. Maleri. Sign. Guss. Lange. 42x96. Afbildet i færøer side 46. (20.000)</p> <p>698 EMANUEL LARSEN (1825-1859) Selskabsklippet med persone- ret og sejlhals. Maleri. Sign. Emanu- el Larsen. 1908. 27x40. Afbildet i færø- er side 42. (30.000)</p> <p>699 KNUD LARSEN (1805-1922) Siddende med mand, kvinde og barn. Maleri. Sign. Knud L. På bagve- den udstillingsmærke. 30x40. Afbil- det side 91. (6.000)</p> <p>700 EDWARD LERHAMN (1815-1892) Intervju med Lovens Christne og to Kammerpiger. Maleri. 30x36. (3.000)</p> <p>701 ARBEJDE LESTER (19. år) Hånd og hage i dæsnings. Maleri. Sign. Arne Lestor. 71x91. Afbil- det side 90. (6.000-8.000)</p> | <p>702 EMIL LEBERT (1820-19) Pant fra Sandefjord. I baggrun- den. Hammersho. Nidig. efterret. Maleri. Sign. G. Emil Lebort. 91x137. Ude. Charlottenberg. I Afbildet i færøer side 42. (2)</p> <p>704 THE LUND (19. år) Sæver og smykke hånd i hænde Et par malerier. Begge sigt Lund. Hver 30x20. Afbildet side (2) (1)</p> <p>705 CARL LOCHER (1851-1915) Bølgevands. Maleri. Sign. C.L. 29x41. (1)</p> <p>706 JENS THISEN LOCHER (1825-1889) Mand med sejlhals, i hugg frimærk. Maleri. Sign. J. Locher 1861. Afbildet side 98. (1)</p> <p>707 C. A. LORANGE (1853-1875) Portret af indvandringsmand. Måle C. A. Lorange. Rom 67. 46x53</p> <p>708 CARL EMIL LUND (1855-19) Pant fra Sandefjord. I baggrun- den. Hammersho. Nidig. efterret. Maleri. Sign. Emil 26x37.</p> <p>709 NIELS ANKER LUND (1848) Mand med sejlhals med søskning. Maleri. 40x det side 93.</p> <p>710 SØREN LUND (1852-1935) Køver, vinter. Sign. Ma- Søren Lund. 1890. 38x88.</p> <p>711 A. C. LUND (1861-1886) Landskab med kvinde på r. 15. 21x27.</p> <p>712 HARALD LEBERTS (185) Mand med sejlhals og c. levi. Sign. H. Leberts. 20x</p> |
|---|--|---|



Mynd 4. Uppboðsskrá Bruun Rasmussen nr. 38. Sjá má ljósmynd af verki nr. 688 eftir Emil Krause.

MÁLVERKAUPPBOÐ NR. 21
 á Hótel Sögu fimmtudaginn 31. ágúst 1995 kl. 20.30
 Verkin verða sýnd í Gallerí Borg við Austurvöll laugardaginn 26., sunnudaginn 27.,
 mánudaginn 28., þriðjudaginn 29., miðvikudaginn 30. og fimmtudaginn 31. ágúst
 frá kl. 12.00 til 18.00.

**Gallerí
BORG**

Mynd 5. Uppboðsskrá Gallerís Borgar nr. 21. Sjá má mynd af málverki Emil Krause nú merkt Jóhannesi S. Kjarval.

3.3.3. Hvað er til ráða?

Þegar listaverk er falsað eða merkt röngum höfundum er ekki einungis verið að falska málverkið og brjóta á sæmdarrétti listamannsins heldur einnig skaða sjálfa listasöguna. Líklegt má telja að markaðurinn muni þegar fram líða stundir ýta fölsunum út af borðinu og þannig leiðrétta listasöguna. Verk sem boðin verða til sölu og hafa ekki trúverðuga eigendasögu munu vera síður aðlaðandi fyrir kaupendur. Ófölsuð verk sem seld voru á þessu tímabili í Gallerí Borg munu að sama skapi vera þeim stimulandi merkt að mögulega séu þau fölsuð og aukin krafa verður gerð til góðrar eigendasögu þess háttar verka. Ekki má gleyma að fjöldi verka, allt að 900, hanga enn í stofum landsmanna. Þessi verk munu þegar fram líða stundir ganga í erfðir og rata inn á uppboð og sýningarsali frá grandlausum seljendum.

Í kjölfar dómsins í stóra málverkafölsunarmálinu skipaði þáverandi Menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir nefnd til þess að fjalla um fölsun listaverka og hvernig hægt sé að bregðast við þeim. Því miður var enginn í þeirri nefnd með reynslu af sölu eldri listaveka og enginn með reynslu af uppboðshaldi. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum og tillögum í apríl 2005. Tillögur nefndarinnar eru í fimm liðum og fjalla um; lagabreytingar á höfundalögum, lögum um

verslunaratvinnu og almennum hegningarlögum, leiðbeiningar til almennings um kaup á listaverkum, birting dómsskjala, rannsóknir á listaverkamarkaði og námskeið fyrir löggæslufólk. Skemmst er frá því að segja að engri af tillögum nefndarinnar hefur verið hrint í framkvæmd þó svo að frumvarp til breytingar á III. og IV. kafla um verslunaratvinnu hafi verið í smíðum í ráðuneytinu í töluverðan tíma.

4. Aðferðarfræði

Leitast var við að svara spurningunni:

„Er íslensk myndlist áhugaverður fjárfestingakostur?“

Notast var við rannsóknarferli sem sjá má á neðangreindri mynd.



Mynd 6. Rannsóknarferlið.

Til að byrja með var rannsóknarefnið valið og sett fram markmið rannsóknarinnar sem var að athuga hvort íslenskur myndlistarmarkaður sé áhugaverður fjárfestingakostur. Við gerð rannsóknaráætlunar var ljóst að fyrirbyggjandi gögn um listaverkamarkaðinn eru af skornum skammti og þá sérstaklega töluleg gögn. Skortur á gögnum leiddi til þess að ákveðið var að nota könnunarsnið (e. Exploratory Study) þar sem nauðsynlegt var að fá innsýn í rannsóknarefnið. Setja verður fyrirvara við rannsóknina að ekki er hægt að afhæfa út frá niðurstöðum hennar.

Höfundur styðst bæði við eigindlegar sem og meindlegar rannsóknaraðferðir við öflun og úrvinnslu gagna. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt við mat á áhættu þeirra rekstraraðila sem starfa á myndlistarmarkaðinum. Meindlegum aðferðum var hins vegar beitt við rannsóknir á listaverkasöfnum þar sem fjárhagslegum upplýsingum var safnað saman og við vinnslu könnunar sem höfundur framkvæmdi. Leitað var til sérfræðinga sem starfa á listaverkmarkaði við val á einkalistaverkasöfnum sem notuð voru við rannsóknina.

Þýði könnunarinnar voru 815 starfandi myndlistarmenn en úrtakið var valið samkvæmt úrtaksgerð sem ekki byggir á líkindaaðferð (e. Non-Probability Sampling). Sú aðferð byggir á því að rannsakandi afmarkar úrtakið út frá röksemdarfærslum og hefur þannig bein áhrif á rannsóknina. Til að draga úr áhrifum rannsakanda og bæta

áreiðanleika úrtaksins var reynt að hafa úrtaksgerðina markvissa (e. Purposive Sampling) og einstaklingarnir valdir út frá ákveðnum viðmiðum.

Til viðbótar við öflun og úrvinnslu frumgagna fór höfundur í fræðilega söguskoðun á listaverkamörkuðum og studdist við fræðilegar kenningar William Baumol, Raymonde Moulin, Bruno Frey og Paul DiMaggio.

5. Verðmyndun

5.1. Menningarleg og listræn gæði

Menning eru allar gjörðir fólks sem uppruna eiga í hefðum og arfleifð manna, þar á meðal þjóðsögum og ætterni (McCain, 2006). „Menning hefur í för með jákvæð ytri áhrif en með ytri áhrifum er átt við áhrif sem tengjast óbeint viðkomandi markaði og hafa áhrif á þriðja aðila“ (Ágúst Einarsson, Hagræn áhrif menningar í alþjóðlegu samhengi, 2005). Þau gæði sem til verða á menningarlegum grundvelli eru í mörgum tilfellum samgæði, þ.e. gæði sem minnka ekki þó einn njóti umfram aðra. Mörg listræn gæði hafa sömu eiginleika og önnur efnahagsleg gæði með staðkvæmdarvörur (t.d. íþróttir) og stuðningsvörur (t.d. dagblöð). Flest listræn gæði falla hvort tveggja undir almenn gæði og einkagæði (Ploeg, 2006). Málverk sem selt er einum aðila og aðrir geta því ekki notið er dæmi um einkagæði. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) hefur skilgreint listræn gæði sem undirflokk menningargæða. Í skilgreiningu UNESCO hafa menningargæði einhvern eða alla af eftirfarandi þremur eiginleikum; sköpun verður að hafa komið við sögu við gerð gæðanna, gerð þeirra þurfa að hafa táknræna meiningu og hafa möguleikann til að uppfylla skilyrði höfundaréttar (McCain, 2006). Uppfylli gæðin skilyrði höfundaréttar er einnig möguleiki að þau uppfylli skilyrði eignaréttar og geta því gengið kaupum og sölu og haft ákveðið virði. „Málverk hefur fagurfræðilegt virði ef málaranum hefur tekist að sameina fjölbreytileika efnisins í skipulega heild. Þessi skipulega heild er virði verksins“ (Nozick, 1981). Efnahagslegt virði verksins ræðst aftur á móti á möguleika þess að skapa tekjur í framtíðinni og af vali einstaklinganna (McCain, 2006).

5.2. Samkeppnisumhverfi

Öll fyrirtæki starfa á markaði þar sem kaupendur og seljendur ná saman. Markaði sem lýtur ytri áhrifum en getur tekið á sig mismunandi form með tilliti til samkeppni.

Hægt er að skipta markaðinum upp í fjórar markaðsgerðir eftir fjölda fyrirtækja sem keppa á markaðinum og vörunni sem þau bjóða.

Einkasölumarkaður á við þegar um er að ræða einn seljanda með einstaka vöru.

Fyrirtæki í þannig aðstöðu býr ekki við neina samkeppni og því er stærð fyrirtækisins jöfn stærð markaðarins. Fyrirtæki sem starfa á einkasölumarkaði eiga það á hættu að misnota aðstöðu sína. Einkasölu fyrirkomulagið getur einnig stafað af náttúrulegum orsökum, t.d. þegar það er þjóðhagslega óhagkvæmt að margir framleiði sömu

vöruna. Einkasala birtist einnig í útgefnum einkaleyfum og höfundarétti. Lyfjafyrirtæki eru reiðubúin að leggja í mikinn þróunarkostnað gegn því að fá einkaleyfi í tiltekinn tíma á sölu lyfs. Verk og sköpun listamanns eru varin höfundarétti sem veitir honum einum rétt til þess að ráðstafa og selja framleiðslu sína. Þegar fáein fyrirtæki starfa á sama markaði er um fákeppni að ræða. Á fákeppnismarkaði eru fá stór fyrirtæki sem framleiða einsleitar vörur og töluverðar aðgangshindranir eru að markaðinum. Einfaldasta form fákeppnismarkaðar er tvíkeppni þar einungis tvö fyrirtæki starfa á markaðinum.

Á markaði þar sem mörg fyrirtæki starfa eru tvö samkeppnisform; einkasölusamkeppni og fullkomin samkeppni. Á markaði með fullkomna samkeppni eru mörg fyrirtæki sem selja eins vörur, s.s. hveiti en á markaði þar sem um er að ræða einkasölusamkeppni starfa mörg fyrirtæki með aðgreindar vörur. (Mankiw G. N., 2004)

Raymonde Moulin skiptir markaði með listaverk í þrjú meginflokk; markað með fjöldaframleiddum listaverkum eða „chromos“ markaðinn, markað með gömul listverk sem hafa sögulegt gildi, „art classé“, og markað með samtímalist.

Á „Chromos“ markaðinum eru seld fjöldaframleidd verk sem eru eftirgerðir að fullu eða í stíl frægra verka þekktara listamanna. Þeir sem selja slíkar eftirgerðir reyna oft að undirstrika hversu gott handbragð og færni málarinn hefur og bregða fyrir sig ferilskrám sem eiga það til að vera falsaðar í þeim tilgangi að skapa málaranum listrænt yfirbragð. Fyrirtækið Art2B sem rekur verslu á Korputorgi í Reykjavík starfar á „chromos“ markaðinu.

Á „art classé“ markaðinum eru seld klassísk verk sem jafnvel hafa sögulegt gildi. Framboð listaverka á „art classé“ markaðinum er takmarkað því listamennirnir eru látnir.

Á markaði með samtímalist er aftur á móti seld listaverk lifandi listamanna þar sem framboðið er nánast óendanlegt því listamaðurinn getur alltaf framleitt meira (Moulin, The Construction of Art Values, 1994).


5.3. Samkeppni á íslenska listaverkamarkaðinum

Fyrirtæki sem starfa á listaverkamarkaði búa við mikla óvissu; listaverkasalar eru ábyrgir fyrir því að búa til og viðhalda orðspori listamanna sem eru á þeirra snærum og á sama tíma verða þeir að gæta að fjárhagslegu öryggi þeirra. Áhætta og óvissa þessara aðila er mismikil. Þannig er meiri áhætta fólgin í því að koma ungum óþekktum listamönnum á framfæri en í sölu á verkum eftir þekktu eldri listamenn (Moulin, *Le marché de la peinture en France*, 1967). Óvissuþátturinn fellst í því að orðspor manns er verulega brothætt og áhættan sem listaverksalinn tekur fellst í því að velja hvaða listamann hann á að koma á framfæri. Listaverksalinn stendur frammi fyrir því að velja listamann með hæfileika úr hópi listamanna en það er erfitt verkefni því listaverksalinn getur ekki spáð fyrir með óhyggjandi hætti hvaða listamaður nær árangri. Auk þess hefur hann enga tryggingu fyrir því að listamaðurinn gefist ekki upp og snúi sér að öðru. Listaverksalinn þarf líka að keppa við aðra listaverkasala og sannfæra „listaheiminn“ um ágæti listamannsins en það er líklega erfiðasta þrautin (Peterson, 1997). Listaverksalinn getur ekki með vissu vitað hvernig fagmannleg færni er eða hver býr yfir henni. Þannig eru flestir listamenn og jafnvel listaverkasalar einungis metnir að verðleikum út frá árangri þeirra og orðspori (DiMaggio, 1977). Fjölmargir aðilar starfa á íslenska listaverkamarkaðinum. Eignarhald fyrirtækja á markaðinum er allt frá því að vera að fullu í eigu ríkis og bæja til þess að vera að fullu í einkaeigu. Markaðurinn er einnig lagskiptur og þó leikendurnir séu margir keppa þeir ekki endilega beint sín á milli heldur hafa komið sér fyrir á ákveðnum svæðum innan markaðarins.

Aðilar íslenska listaverkamarkaðarins búa við mismikla óvissu og áhættu í sínum rekstri. Sýningarsalur Orkuveitu Reykjavíkur, Gallerí 100°, býr til að mynda við mjög litla áhættu þar sem rekstur hans er tryggður með fé frá OR. Sýningarsalurinn í menningarmiðstöðinni Skaftfelli á Seyðisfirði býr einnig við mjög litla áhættu en þó svo hann sé rekinn af sjálfseignarstofnun þá verður hann að laða til sín vel metna listamenn til þess að rekstur hans njóti virðingar. Þannig er áhætta Skaftfells aðeins meiri en Gallerís 100°. Gallerí og sýningarsalir sem ekki fá fé úr opinberum sjóðum taka meiri áhættu en þau gallerí sem fésins njóta. Gallerí sem sýna framsækna og unga listamenn taka meiri áhættu en þau sem einbeita sér að listamönnum sem unnið hafa sér sess í „listaheiminum“.

Í grafi 1 má sjá skema yfir þá aðila sem selja og sýna myndlist á Íslandi og hversu mikla áhættu þeir búa við. Við mat á þeirri áhættu sem aðilar á íslenska listaverkamarkaðinum búa við studdist höfundur við starfsreynslu sína á þessum markaði auk þess að fara yfir eftirfarandi þætti fyrir hvert gallerí og sýningarrými: Fjöldi listamanna sem galleríið hefur á sínum snærum og hvar þeir eru staddir á ferli sínum. Gæði og menntun listamannanna og hversu mikla reynslu eigendur gallerísins eða sýningarsalarins hafa af slíkum rekstri. Fjöldi sýninga á hverju ári og hvort þær séu einungis á Íslandi eða einnig erlendis. Athugað var hvort galleríið eða sýningaraðstaðan væri með fjölbreyttan rekstur, haldi uppboð og hvort starfsemi sé allt árið um kring eða einungis hluta úr ári. Einnig var athugað hversu langt var frá stofnun gallerísins eða sýningarsalarins. Að lokum var kannað hvort galleríið eða sýningarsalurinn fengi einhverja opinbera styrki eða reksturinn væri niðurgreiddur af óskyldum rekstri sömu aðila.

Þeir aðilar sem búa við mikla áhættu eru merktir með bláu. Þeir sem búa við miðlungs áhættu eru merktir með rauðu og þeir sem búa við litla áhættu eru merktir með grænu.



Graf 1. Rekstraráhætta aðila á íslenska myndlistarmarkaðinum.

5.4. Sjálfvirk kostnaðaraukning – Baumol Cost Disease

Í hefðbundnum framleiðslugreinum leiðir aukin framleiðni til lækkunar á kostnaði en í ýmsum þjónustugreinum gildir hið gagnstæða. Heilbrigðisstarfsmaður getur ekki sinnt nema ákveðnum fjölda sjúklinga og aukning þar á kæmi niður á gæðum þjónustunnar. William J. Baumol setti fram í bók sinni „Performing Arts: The Economic Dilemma“ 1966 sannfærandir rök fyrir því að þetta lögmál eigi einnig við um listgreinar eins og aðrar mannfrekar þjónustugreinar (Baumol & Bowen, Performing Arts: The Economic Dilemma, 1966).

Tæknilegar framfarir í listgreinum halda ekki í við tækniframfarir í hagkerfinu í heild á sama tíma og launakostnaður og annar rekstrarkostnaður eykst á sama hraða hvort sem er í listgreinum eða öðrum greinum. Það leiðir til kostnaðaraukningar og minni framleiðni í listgreinunum. Aukinn kostnaður í listgreinunum sem velt er út í verðlagið leiðir til þess að stærri hluta launa manna þyrftu að fara í neyslu á listgreinum nema til komi opinber stuðningur (Blaug, 2001).

5.5. Verð listaverka

Verð listaverka ræðst af fjölmörgum þáttum og samkeppni á markaði er einungis einn þeirra. Gerð listaverksins hefur mikil áhrif, þannig skiptir stærð verksins máli, miðillinn sem verkið er unnið í sem og efnið sem notað er í það. Verk máluð á pappír eru oftast ódýrari en verk unnin með olíu á striga ef við gefum okkur að allir aðrir þættir séu sambærilegir. Meðalatvinnutekjur hafa einnig áhrif og þegar þær hækka þá hækkar almennt verð listaverka séu aðrir þættir óbreyttir en verð listaverka breytist með tímanum annars vegar sem fall af þjóðhagslegum þáttum eins og verðbólgu, tekjum og almennum hagsveiflum og hins vegar af sérstökum þáttum í lífi og starfi listamannsins, t.d. dauða hans (Sagot-Duvaurox, 2003).

Ýmislegt gerir listaverk og verðlagningu á þeim frábrugðna öðrum vörum til að mynda verðbréfa. Þessi atriði leiða líklega til þess að ólíklegra sé að verð listaverka nái jafnvægi til langs tíma. Lögmálið um eitt verð (e. The Law of One Price) virðist ekki eiga nema að litlu leiti við á alþjóðlega listaverkamarkaðinum. Listaverk af sömu gerð virðast seljast hærra verði í New York en í London. Einnig getur skipt máli hjá hvaða uppboðshúsi verk er selt, jafnvel innan sömu borgar. Þetta á einnig við um íslensk listaverk sem hafa selst að jafnaði ódýrar hjá uppboðshúsum í Evrópu en hjá uppboðshúsum á Íslandi. Verð á verkum einstakra listamanna ræðst að miklu leyti af orðspori þeirra, hæfileikum og hvernig verk þeirra falla að smekk einstaklinga á

viðkomandi markaðssvæði. Verk listamanna eiga það til að hækka í verði þegar þeir falla frá því þá minnkar framboð á listaverkum þeirra. Einnig hafa verk þekktra listamanna hækkað í verði vegna spákaupmennsku. Þannig hafa t.d. verk Kristjáns Davíðssonar sem kominn er á háan aldur og málar ekki eins mikið og áður hækkað verulega á síðast liðnum þremur árum. Hér á landi er tiltölulega lítill munur á verði listaverka eftir unga samtímalistamenn og á verkum eftir eldri kynslóðir íslenskrar myndlistar, t.d. Svavars Guðnasonar (Íslenska listaverkavísitalan, 2009).

Listaverk eru ekki eins og hver önnur vara og lúta ekki sömu lögmálum og til að mynda verðbréf. Árið 1986 setti William J. Baumol fram fimm atriði sem aðgreinir listaverk frá verðbréfum:

1. Verðbréfaflokkar eru einsleitir að gerð þar sem eitt verðbréf getur að fullu komið í stað annars. Listaverk eru einstök og jafnvel tvö verk eftir sama höfund með sama viðfangsefni eru ekki eins.
2. Verðbréf eru í dreifðu eignarhaldi og viðskipti með þau fara fram á næstum fullkomnum markaði. Sá sem á verk eftir Jóhannes S. Kjarval hefur einokun á listaverkinu.
3. Sala á verðbréfum fer stöðugt fram en endursala á listaverki á margra ára fresti, jafnvel með áratuga millibili.
4. Verð sem verðbréf eru seld á eru opinberar upplýsingar á meðan verð á listaverki er einungis þekkt á meðal kaupandans og seljandans.
5. Hægt er að reikna út ætlað jafnvægisverð á verðbréfum út frá framtíðar tekjustreymi undirliggjandi eignar. Í fæstum tilfellum gefur listaverk af sér tekjustreymi og því er erfitt og jafnvel ómögulegt að reikna út framtíðar jafnvægisverð (Baumol, Unnatural Value: or Art Investment as Floating Crap Game, 1986).

Til viðbótar ofangreindum atriðum sem Baumol setti fram er kostnaður við að eiga listaverk umtalsvert hærri en kostnaður sem fylgir því að eiga verðbréf.

Tryggingakostnaður er hár, seljendur og kaupendur þurfa að greiða uppboðshúsum og galleríum umboðslaun auk þess sem áhætta á skemmdun til dæmis vegna bruna er fyrir hendi.

5.6. Verðmat

Einn mikilvægasti þátturinn í verðlagningu listaverka er verðmat sérfræðinga.

Sérfræðingar uppboðshúsa og gallería nýta sér reynslu sína og þekkingu á markaðnum ásamt því að styðjast við ýmis söguleg gögn til að komast að verðmati. Verðmat listaverka er byggir á tilfinningum sérfræðinganna en því fer fjarri að niðurstöður verðmatsins hafi á einhvern hátt minna vægi vegna þess. Uppboðshús nota verðmöt til þess að byggja upp væntingar. Kaupendur sjá lágt verðmat sem kauptækifæri á meðan seljendur sjá hátt verðmat sem sölutækifæri.

Uppboðshúsin benda á að hófsamt verðmat leiði til aukinna boða og meiri samkeppni á milli aðila á uppboði. Lágt verðmat gefur kaupendum í skin að þeir geti gert kostakaup og auðveldara er að fá kaupendur til að byrja að bjóða. Það hefur ávallt verið erfiðara að fá fólk til að byrja að bjóða í verk heldur en að fá það til þess að hætta að bjóða þegar það er á annað borð byrjað. Hátt verðmat getur aftur á móti leitt til þess að ríkari einstaklingar fái áhuga á verkinu. Verðmatssérfræðingsins hefur það hlutverk að finna hina hárfínu línu þarna á milli. (Bair, 2007).

Þegar listaverk seljast langt yfir áætluðu verðmati leiðir það til hækkunar á verðmati á sambærilegum verkum. Listamenn sem þykja leiðandi á markaðinum setja ákveðið verðviðmið sem aðrir listamenn eru bornir saman við. Ofuruppboð Damien Hirst á eigin verkum hjá Sotheby's í september 2008 gekk vonum frammar sem aftur hughreystir alla þá sem eiga verk eftir Hirst. Stórir safnarar eins og Jay Jopling, eigandi White Cube gallerísins, áttu þar þátt í að halda verðinu uppi á verkum hans til þess að vernda sín eigin söfn og réttlæta þannig verðmatið (Hoyle, 2008). Árið 2006 seldist verk unnið með vatnslitum eftir Ásgrím Jónsson á kr. 5,3 milljónir og hálfu ári seinna annað verk einnig unnið með vatnslitum á kr. 8,9 milljónir auk uppboðsgjalda. Þessar upphæðir eru miklu hærri en áður hafði fengist fyrir verk Ásgríms og leiddi til þess að verðmatssérfræðingar hækkuðu mat sitt og væntingar seljenda jukust. Áhrif sem þessi smitast á milli markaðssvæða og mátti merkja slík áhrif þegar verkið „Hvítasunnudagr“ eftir Jóhannes S. Kjarval seldist háu verði í Danmörku (Íslenska listaverkavísitalan, 2009).

6. Markaður með íslenska myndlist

6.1. Seljendur

Seljendur listaverka eru í grunninn af tvennum toga. Annars vegar eru listamenn sem selja framleiðslu sína og hins vegar lögaðilar sem selja verk sem hafa verið í þeirra eigu. Meirihluti seljenda nýta þjónustu milligönguaðila til að annast sölu verkanna. Listamenn nota aðallega gallerí og sýningarsali en einstaklingar uppboðshús. Í þessari skiptingu endurspeglast skiptingin á milli galleríanna sem oftast sjá um frumsölu listaverka og uppboðshúsanna sem sjá um endursölu þeirra. Þó eru nokkur gallerí sem einnig sjá um endursölu verka án þess að bjóða þau upp.

Til að átta sig betur á seljendum og framleiðendum listaverka lagði skýrsluhöfundur könnun fyrir stóran hóp listamanna á Íslandi. Könnunin fór fram í lok árs 2008 og er framhald álíkrar könnunar sem gerð var í lok árs 2007.

Útbúin var veflæg könnun sem send var til 815 listamanna sem eiga það sameiginlegt að vera félagsmenn í Sambandi íslenskra listamanna og/eða vera á mála hjá myndlistargalleríi. Alls svöruðu 374 listamenn könnuninni eða 45,89% af þeim sem fengu hana senda. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar við lýsingu á myndlistarmarkaðinum í þessari skýrslu en heildarniðurstöður hennar birtar í viðauka.

6.1.1. Menntun listamanna

| Dýrasta námið | | |
|------------------------|------------|----------|
| Námsgrein | Kostnaður* | Námstími |
| Tannlækningar | 13,8 | 6 ár |
| Leiklist | 11,6 | 4 ár |
| Læknisnám | 8,4 | 6 ár |
| Tónlist | 5,1 | 3 ár |
| Listdans | 5,1 | 3 ár |
| Hönnun | 4,9 | 3 ár |
| Myndlist | 4,6 | 3 ár |
| Hjúkrunarnám | 3,2 | 4 ár |
| Raunvísindi | 3 | 3 ár |
| Arkitektúr | 3 | 3 ár |
| Fræði og framkvæmd | 3 | 3 ár |
| Landúnaðarnám | 2,7 | 3 ár |
| Kennaranám | 2,1 | 3 ár |
| Tölvufræði, stærðfræði | 2,1 | 3 ár |
| Félags- og mannvísindi | 1,2 | 3 ár |
| Guðfræði, lögfræði | 1,2 | 3 ár |

Tafla 3. Kostnaður við menntun.

Í byrjun 20. aldar fóru flestir íslenskir listamenn erlendis til náms og var Kaupmannahöfn langalgengasti áfangastaðurinn. Formlegt listnám hófst hér á landi með stofnun Handíðaskólans 1935 sem síðar varð Myndlista- og handíðaskóli Íslands árið

1964 þegar fyrstu heildarlög um skólann voru samþykkt. Skólinn hefur nú runnið í Listaháskóla Íslands (Þskj. 690-463). Í dag fara flestir listamenn í grunnám hérlendis

og þeir sem halda áfram í framhaldsnám erlendis (Elínbjört Jónsdóttir, munnleg heimild).

Samanlagt er listgreinanám langdýrasta námið eins og kemur fram í grein Trausta Hafsteinssonar þar sem hann tekur saman þann kostnað sem hið opinbera þarf að leggja út fyrir hvern nemenda eftir námsgreinum. Þar kemur fram að af tíu dýrustu námsgreinunum eru sjö greinar kenndar við Listaháskóla Íslands eins og sjá má í töflu 3. (Trausti Hafsteinsson, 2007)


Þetta dýra nám ætti að skila ríkulegri umbun (Smith, 1997) en annað nám en staðreyndin er sú að fæstir listamenn geta státað af góðum tekjum að námi loknu. Sé könnun höfundar skoðuð kemur í ljós að rúmlega 42% íslenskra listamanna hafa lokið myndlistarnámi með fyrstu háskólagráðu og rúm 17% meistargráðu. Einungis 1,5% starfandi listamanna hafa ekki lokið myndlistarnámi.

6.1.2. Laun listamanna

Þegar höfundur spurði listamenn um laun sín af sölu listaverka svara rúmlega 56% að þeir hafi fengið minna en kr. 500.000,- í árstekjur 2008 og rúm 15% fengu laun á bilinu kr. 500.001,- til kr. 1.000.000,- í árstekjur. Til samanburðar má nefna að lágmarkslaun VR fyrir árið 2008 var kr. 142.450,- á mánuði eða kr. 1.709.400,- fyrir árið (VR, 2008). Þess ber að geta að einungis er verið að tala um laun sem fást fyrir sölu listaverka en ekki aðrar myndlistartengdar tekjur eins og styrki eða laun vegna myndlistarkennslu eða annarrar vinnu sem viðkomandi sinnir. Ef við berum laun fyrir listaverkasölu ársins 2008 saman við árið 2007 kemur í ljós að þeir sem höfðu tvær milljónir króna í árslaun eða minna eru rúm 87% bæði árin en þeir sem eru í lægsta tekjuþrepinu fækkar úr 60,59% 2007 í 56,47% 2008.

Ljóst má vera af þessum tölum að minnihluti myndlistarmanna lifir af list sinni og stundar því aðra vinnu samhliða listamannsstarfinu en flestir starfa þó við störf tengd myndlistinni.

Næst á eftir því að vera myndlistarmaður svöruðu 17,87% því til að starfa sem myndlistarkennarar og 7,09% sem sýningarstjórar. Af þeim störfum sem myndlistarmenn starfa helst



Graf 2. Störf listamanna önnur en sköpun listaverka.

við og eru ekki tengd myndlistinni starfa flestir í hönnun ýmiskonar, kennslu annarri en myndlistarkennslu og í verslun eða þjónustugreinum.

Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem starfa sem myndlistarmenn sem sést vel ef gengið er um galleríin í landinu. Af þeim sem svöruðu könnun skýrsluhöfundar voru konur rúm 75% en einungis 9,6% þeirra fá meira en tvær milljónir í árlegar sölutekjur af myndlist sinni á meðan rúmlega 18% karla er með meira en tvær milljónir.

Listamaður er lengi að koma sér á framfæri og þó svo hann vinni þrotlaust að list sinni frá útskrift úr listaskóla kemur fjárhagslegur ávinningur seint. Þeir listamenn sem hafa meira en tvær milljónir í árstekjur með sölu á verkum sínum eru flestir fertugir eða eldri eða rúm 88% og enginn yngri en 30 ára.

Listamenn selja verk sín á ýmsum stöðum og nær allir selja verk sín á fleiri en einum stað. Algengasti sölustaðurinn er vinnustofa listamannsins og næstalgengast er að listaverk séu seld á sýningum. Þriðji algengasti sölustaðurinn er í umboðssölu í galleríi.

6.1.3. Opinberir styrkir

Aukinn hlutur menningar í hagkerfinu hefur ýmis jákvæð áhrif þó ekki séu þau öll mæld með fjárhagslegum ávinningi heldur frekar með almennri og aukinni vellíðan þegnanna. Ein leið til að auka hlut menningarinnar eru opinberir styrkir hvort sem þeir eru reiddir fram beint eða afleiddir í gegnum skattakerfið með ívilnunum (Ágúst Einarsson, Menning er mikilvæg atvinnugrein og umsvifamikill þáttur í hagkerfinu, 2001).

Á Íslandi geta listamenn sótt í ýmsa sjóði sem sumir hverjir eru á vegum ríkis eða bæjarfélaga en aðrir á vegum einkaaðila. Reykjavíkurborg býður til að mynda upp á hvort tveggja beina styrki til listamanna og samstarfssamninga til lengri tíma meðal annars til sýningarhalds. Einnig er borgin aðili að ýmsum samningum t.d. um Ferðasjóð Muggs og þátttöku í lántökukostnaði vegna svokallaðra listaverkalána. Ríkið kemur aftur á móti að verkefnum eins og starfslaunum listamanna.

Í könnun höfundar kemur fram að 19,5% listamanna fá einhvern opinberan styrk. Lægsti styrkurinn nam kr. 20.000,- en sá hæsti nam kr. 6.240.000,-. Meðalupphæð styrks nam rúmum 1100 þúsund krónum.

6.2. Kaupendur

6.2.1. Söfn

Í 2. grein laga um Listasafn Íslands frá 1988 segir meðal annars að safnið skuli:

... afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna, innan lands og utan. Leitast skal við að afla verka sem endurspeгла sem best nýja strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma ...“ (Alþingi, 1988)

| Kaup LÍ á verkum gömlu meistaranna janúar 2004 til maí 2006 | |
|--|-----------------------|
| Listamaður | Kaupverð |
| Ásgrímur Jónsson | kr.1.250.000 |
| Jóhann Briem | kr.500.000,0 |
| Svavar Guðnason | kr.291.500 |
| Svavar Guðnason | kr.220.000,0 |
| Þórarinn B. Þorláksson | kr.5.000.000 |
| Samtals | kr.7.261.500,0 |

Tafla 4. Kaup Listasafn Íslands á verkum gömlu meistaranna.

Þrátt fyrir þessi háleitu markmið hefur safnið ekki fengið nægar fjárhæðir til þess að sinna kaupum á listaverkum. Í fjárlagafrumvarpi Alþingis fyrir árið 2009 eru einungis 20 milljónir króna merktar til kaupa á listaverkum sem er sama fjárhæð og safnið fékk til listaverkakaupa 2008

(Fjármálaráðuneytið, 2009). Miðað við verð góðra listaverka dugar sú fjárveiting ekki fyrir mörgum verkum eftir frumherja íslenskrar myndlistasögu. Ljóst er af þessu að safnið verður að fara aðrar leiðir til að eignast verk þeirra enda hefur það sýnt sig að Listasafn Íslands nýtir heimildir sínar á fjárlögum frekar til kaupa á nýjum verkum eftir samtímalistamenn (LÍ, e.d.). Önnur söfn eru að sjálfsögðu einnig kaupendur listaverka en í minna mæli en LÍ.

6.2.2. Listskreytingasjóður

Samkvæmt lögum um

listskreytingasjóð (Lög nr. 46/1998) ber að verja 1% af

heildarbyggingarkostnaði

opinberra byggingar til

listskreytinga hennar og

umhverfis hennar. Því til

viðbótar er fjárveiting á

fjárlögum hvers árs til listskreytinga eldri bygginga.

Fjárveiting Listskreytingasjóðs var 6,6 milljónir króna 2006, 6,7 milljónir 2007 og 7,1 milljón 2008 og sama fjárhæð er lögð til í fjárlögum 2009 (Fjármálaráðuneytið, 2009).

| Verkefni Listskreytingasjóðs | | |
|------------------------------|--------------|-------------------------------------|
| Ár | Dags. | Nafn |
| 2007 | 17. janúar | Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal |
| 2007 | 23. janúar | Stofnun Árna Magnússonar |
| 2007 | 1. maí | Landspítali – Háskólasjúkrahús |
| 2007 | 13. desember | Vinnueftirlit ríkisins í Reykjavík |
| 2006 | 31. janúar | Einkaleyfastofan |
| 2006 | 27. febrúar | Kópavogsbær, Snælandsskóli |
| 2006 | 28. febrúar | Heilsugæslan Efra-Breiðholti |
| 2006 | 28. febrúar | Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís |
| 2006 | 1. mars | Vinnueftirlit ríkisins í Hveragerði |
| 2006 | 1. maí | Landspítali – Háskólasjúkrahús |
| 2006 | 8. desember | Heilsugæslan í Grafarvogi |

Tafla 5. Verkefni Listskreytingasjóðs.

6.2.3. Einkaaðilar

Hér á árum áður söfnuðu bankar og stórfyrirtæki markvisst myndlist og áttu sumir listamenn allt sitt undir listaverkakaupum þeirra. Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar hafði stórlega dregið úr innkaupum bankanna. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar en líklega er engin ein ástæða sem hafði úrslita áhrif á samdrátt í listaverkakaupum. Stóra fölsunarmálið fældi fólk frá og seljendur héldu að sér höndum en einnig gæti aukið framboð annarra fjárfestingakosta komið til. Alla vega er ljóst að á síðasta áratug nýliðinnar aldar hafa fáir litið á það sem hag hluthafanna að bankastofnanir og stórfyrirtæki fjárfesti í myndlist. Á þessu er að sjálfsögðu undantekning en Landsbanki Íslands jók verulega kaup sín í tíð Björgólfs Guðmundssonar, auk þess sem starfsmannafélög, t.d. hjá gamla Kaupþingi tóku sig til og stuðluðu að listaverkakaupum félagsmönnum sínum til handa.


Einstaklingar eru líklega stærsti hópur kaupenda listaverka. Þessi hópur kaupir listaverk, annars vegar til eigin nota og hins vegar til gjafa en rík hefð er á Íslandi að gefa listaverk á stórviðburðardögum. Eftir stríð keypti fólk listaverk m.a. til að eiga sem lífeyri. Á síðari hluta aldarinnar seldi þetta fólk verkin sín en lenti þá í því að verð á listaverkum hafði hropað að hluta til vegna stóra fölsunarmálsins en einnig vegna annarra fjárfestingakosta sem leiddu til minni listaverkakaupa.

6.2.4. Kaupendur erlendis

Fá gallerí hafa stundað skipulagðan útflutning á myndlist ef frá er talið ið. Nokkuð er um að listaverk séu seld til útlanda og um 12% listamanna segjast aðallega selja verk sín erlendis árið 2008 sem er nokkur aukning frá árinu á undan en þá sögðust rúm 9% selja verk sín erlendis. Listamenn á borð við Helga Þorgils og Óla G. Jóhannsson hafa náð góðum árangri með samningum við erlend gallerí sem kynna þá vel. Verk gömlu meistaranna hafa einnig selst ágætlega erlendis en kaupendurnir eru aðallega Íslendingar. Einnig hafa verk eftir Ólaf Elíasson og Erró selst vel en þeirra kaupendur eru flestir erlendir (Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, 2007).

6.3. Umfang menningar

Ef skoðað er hvað einstakir þættir í atvinnulífinu skila til landsframleiðslu er hægt að meta hver hlutdeild menningar er. Árið 2000 var þetta hlutfall 3,75% og þar af voru listamenn um 0,75%. Árið 2003 er þetta hlutfall komið í 4% samkvæmt áætlun Hagsofunnar fyrir árið 2003. Þetta hlutfall er sérstaklega áhugavert þegar sambærilegar tölur eru skoðaðar fyrir landbúnað (1,4%), ál og kísiljárnframleiðslu (1,3%) og fisveiðar og fiskvinnsla (9,6%) (Ágúst Einarsson, Hagræn áhrif tónlistar, 2004, bls. 17).



Graf 3. Hlutfallslegt framlag atvinnuvega til landsframleiðslu 2003.

Einyrkjaumhverfið einkennir menningarstarfsemi, en 80% þeirra fyrirtækja sem þar starfa eru með einn til fimm starfsmenn og 15% með fimm til 20 starfsmenn.

Athyglisvert er að einungis 5000 manns starfa innan menningargeirans sem árið 2003

lagði til 4% af landsframleiðslu á meðan 6000 starfa við landbúnað sem lagði einungis til 1,4% af landsframleiðslu (Ágúst Einarsson, Hagræn áhrif tónlistar, 2004). Tekjur þeirra lögaðila sem starfa innan skapandi atvinnugreina hefur aukist mikið á síðustu árum. Undir hatti skapandi atvinnugreina er sýningarhald ýmiskonar, s.s. leikhópar, ópera og tónleikahald. Tekjur þessara aðila eru allar skráðar undir einn hatt hjá skattstjórum landsins og því er erfitt að átta sig á því hversu stór hluti þessara tekna má rekja til myndlistarmanna. Tekjuskatts- og útsvarsstofn þessara aðila var 18 milljónir 1999 en var um 24 sinnum stærri aðeins sex árum síðar eða 421 milljón (Helgi Snær Sigurðsson, 2006).

| Tekjur lögaðila með rekstur skráðan í starfsemi listamanna | | | |
|---|------------------------|--------------------------------------|---------------------------|
| Ár | Fjöldi framtala | Tekjuskatts- og útsvarsstofn* | Yfirfæranlegt tap* |
| 1999 | 174 | 18 | 22 |
| 2000 | 191 | 31 | 34 |
| 2001 | 219 | 62 | 81 |
| 2002 | 224 | 73 | 76 |
| 2003 | 256 | 133 | 145 |
| 2004 | 295 | 433 | 207 |
| 2005 | 350 | 421 | 199 |
| | | *milljónir króna | |

Tafla 6. Tekjur lögaðila með rekstur skráðan í starfsemi listamanna.

6.3.1. Íslenska listaverkavísitalan

Íslenska listaverkavísitalan er unnin upp úr gagnagrunni sem settur var saman af nemendum við Háskólann á Bifröst sumarið 2006. Nemendurnir, Áslaug Heiðarsdóttir, Fjóla Kristinsdóttir, Jóhann Ágúst Hansen, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir og Svandís Ragnarsdóttir settu fram fyrstu íslensku listaverka verðvísitöluna í misserisverkefni sem ber heitið: „Er hægt að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka?“ Í gagnagrunninn voru skráð öll verk sem boðin hafa verið upp á almennum uppboðum á Íslandi frá 1953 til 2005, rúmlega 15.000 listaverk eftir um það bil eitt þúsund höfunda. Tímabilið sem notað er til útreikninga verðvísitölu íslenskra listaverka er frá 1985, en það er grunnár vísitölnunnar og þar hefst hún á gildinu 100. Nú eru öll verk sem boðin eru upp á Íslandi færð inn í gagnagrunninn og frá og með árinu 2007 eru einnig öll íslensk verk sem boðin eru upp hjá helstu uppboðshúsum erlendis færð inn. Fylgst er með upplýsingum um sölu íslenskra listaverka hjá meira en 2900 uppboðshúsum í yfir 40 löndum.

Íslenska listaverkavísitalan er góð vísbending um hvernig markaður með eldri íslensk listaverk er að þróast. Á grafi 4 hér fyrir neðan má sjá þróun vísitölunnar fyrir listaverk seld á Íslandi frá 1985 til 2008. Lægst fór vísitalan í 55,12 stig 1986 en hæst í 275,46 stig 2007. Árið 2008 lækkaði vísitalan um 32,12% eftir fjögurra ára samfellda hækkun. (Íslenska listaverkavísitalan, 2009)



Graf 4. Íslenska listaverkavísitalan 1985 til 2008. Árið 1985 er grunnár og þar er vísitalan sett á 100.

6.3.2. Umfang myndlistarmarkaðarins

Þar sem ekki eru til töluleg gögn um veltu eða umfang myndlistarmarkaðarins er erfitt að áætla hversu stór hann er en nokkrar skýrslur hafa þó komið út þar sem reynt hefur verið að áætla stærð markaðarins. Sumarið 2007 áætluðu nokkrir nemendur við Háskólann á Bifröst veltu myndlistargallería á Íslandi og komst að því að meðalársvelta hafi verið 695 milljónir króna á árunum 2004 til 2006. (Áslaug Heiðarsdóttir, Helgi Bogason, Jóhann Ágúst Hansen, og Ólafía B. Ásbjörnsdóttir, 2007) Íslenska listaverkavísitalan heldur utan um veltu á íslenska uppboðsmarkaðinum og árið 2006 var sú velta rúmlega 112 milljónir króna. (Íslenska listaverkavísitalan, 2009) Samanlög ársvelta gallería og uppboðshúsa er því áætluð 807 milljónir króna árið 2006 eða 0,07% af vergri landsframleiðslu þess árs. Listamenn á Íslandi selja verk sín þó víðar en hjá galleríum og uppboðshúsum. Hlutfall þeirra sem selja verk sín á vinnustofum samkvæmt könnun höfundar var rúm 26% 2007 og rúm 22% árið eftir. Sala á vinnustofum er því næstum 380 milljónir

króna sé reiknað út frá veltu myndlistargallería og áætluð velta myndlistarmarkaðarins alls því tæplega 1,6 milljarðar króna árið 2006 eða sem nemur 0,14% af vergri landsframleiðslu.

| Velta myndlistarmarkaðarins 2006 | |
|---|---------------|
| Sölustaðir | Velta |
| Sala í galleríum og á sýningum | 695.700.251 |
| Sala á uppboðum | 112.177.000 |
| Sala í galleríum reknu af hópi listamanna | 50.596.382 |
| Sala á vinnustofum | 379.472.864 |
| Sala erlendis | 132.815.502 |
| Sala annars staðar | 196.060.980 |
| <i>Samtals</i> | 1.566.822.979 |

Tafla 7. Velta myndlistarmarkaðarins 2006.

7. Framboð og eftirspurn

Lögmál framboðs og eftirspurnar ákveður hve mikið magn er framleitt og á hvaða verði. Lögmál þessi eru í raun forsenda markaðshagkerfisins þar sem eftirspurn ræðst af kaupendum og framboð af seljendum.

Eftirspurnarfallið ræðst af notagildi vöru og aukið notagildi sést með aukinni eftirspurn. Aukin eftirspurn ræðst svo af þörfum neytenda sem geta tekið breytingum með tímanum. Eftirspurnarfallið sýnir því að öllu jöfnu hvernig eftirspurn minnkar þegar vöruverð hækkar og öfugt. Það er fall margra áhrifaþátta s.s. verðs, tekna, verði tengdra vara, smekk, væntinga og fleira.

Verðbreytingar orsaka færslu eftir ferlunum en allir aðrir áhrifaþættir hliðra honum. Hærra verð vöru minnkar að öðru jöfnu eftirspurt magn vöru og breytingar á öðrum þáttum orsaka færslu eftir ferlinum.

Framboð er það magn gæða sem seljendur eru reiðubúnir að selja á ákveðnu verði. Lögmál framboðs sýnir að öllu öðru jöfnu hvernig framboð eykst þegar verð gæða hækkar. Það er einnig fall af ólíkum áhrifaþáttum s.s. verði, verði á aðföngum, tíma, tækniþróun og væntingum og fleira.

Jaðarkostnaður er annað lykilhugtak í hagfræði en hann, ásamt verði á framleiðslu, ákvarða hversu mikið einstaka fyrirtæki eða einstaklingur framleiðir af vöru eða þjónustu. Jaðarkostnaður er sá kostnaður sem fellur til við að auka framleiðsluna um eina einingu. Fyrirtæki hámarkar hagnað með því að miða framleitt magn við að jaðarkostnaður sé sá sami og verðið sem fæst fyrir hverja framleidda einingu.

Jaðarkostnaður við framleiðslu á listaverki er mjög mikilvæg breyta hjá listamönnum. Hann getur verið mjög mismunandi eftir því hvernig listviðburður eða listaverk er framleitt. Jaðarkostnaður þess að framleiða einn tónlistardisk í viðbót er afar lítill en jaðarkostnaður við að framleiða einn stóran skúlptúr í viðbót getur verið mjög mikill. Umföng listaverka hefur einnig áhrif á kostnað við gerð þess og þá um leið á verðið. Því stærri sem verkin eru því erfiðara getur verið að selja þau þar sem rými listaverkasafnara og listaverkasala er takmarkað. Auglýsingar gallería geta aukið eftirspurn og kostnað við framleiðsluna. Þá geta háar væntingar um framtíðarverð leitt til aukinnar framleiðslu. Lögmálið um framboð segir okkur að öllum öðrum þáttum óbreyttum eykst framboð á vörum þegar verð hækkar. (Mankiw & Taylor, 2006) Slíkt

á einnig við um listaverk. Hægt er að skilgreina framboðið sem fall af verði á eftirfarandi hátt:


$$Q_s = f(P)$$

Formúla 1. Framboðsfall.

Þar sem Q_s er magn og P er verð.

Markaðsjafnvægi kallast það þegar framboð er jafnt eftirspurn. Verð fyrir ofan jafnvægi leiðir til offramboðs og verð fyrir neðan jafnvægi leiðir til skorts. (Mankiw & Taylor, 2006)

Myndlist er varanleg neysluvara og neytendur hennar reyna að hámarka gæði sín af vörinni og sem slík lýtur myndlist lögmálinu um fallandi jaðarafköst. (Bjarnason V.) Hægt er að gefa smekk neytandans til kynna með jafngildislínu eins og sjá má á grafi 5 og í hvernig hlutföllum hann er tilbúinn að skipta á einni vöru fyrir aðra til að hámarka gæði sín eða svo kallaða jaðarstaðkvæmd. Þannig er neytandanum alveg sama hvort hann fær samsetningu listaverka sem lýst er í punktum A, B og C vegna þess að þeir eru allir á sömu jafngildislínunni. (Mankiw & Taylor, 2006)



Graf 5. Jafngildislína.

Jaðarstaðkvæmd er hægt að skrifa á eftirfarandi hátt:

$$\frac{MU_x}{P_x} = \frac{MU_y}{P_y} = \dots = \frac{MU_n}{P_n}$$

Formúla 2. Jaðarstaðkvæmd.

Þar sem MU er jaðarnytjar vöru og P er verð. X og Y eru mismunandi vörur, listaverk, sem einstaklingar njóta. Helstu áhrifavaldar á eftirspurn listaverka eru tekjur

væntanlegra kaupenda, smekkur, verð á staðkvæmdarvörum og ávöxtun annarra fjárfestingakosta. (Heilbrun & Gray, 2001) Þegar tekið er tillit til þeirra áhrifavalda sem ákvarða eftirspurn er hægt að skrifa eftirspurnarfall á eftirfarandi hátt:

$$Q_t = a + bP_t + cY + dP_s + eP_c$$

Formúla 3. Eftirspurnarfall.

Þar sem:

Q_t = Magn listaverka sem eftirspurn er eftir á hverjum tíma.

P_t = Verð listaverka.

Y = Meðaltalstekjur á íbúa.

P_s = Vegið meðaltalsverð á staðkvæmdavörum.

P_c = Samsett verð stuðningsvara.

a = Fasti.

b, c, d, e = stuðull sem mælir breytingu á háðu breytunni (Q_t) með tilliti til breytingar á hverri einingu óháðu breytnanna.

Teygni er mælikvarði á viðbrögð neytenda og seljenda við breytingum á markaði og er mikilvægt verkfæri fyrir allar ákvarðanir.

Verðteygni eftirspurnar gerir okkur kleift að mæla hversu mikið eftirspurnin breytist við breytingar á verði og hún ber líka saman hlutfallslega breytingu á verði við hlutfallslega breytingu eftirspurnarmagns (Mankiw & Taylor, 2006).

Teygnin getur verið misjöfn og allt frá því að vera fullkomnlega óteygin, þar sem verðbreytingar hafa engin áhrif á magn eftirspurnar, upp í fullkomnlega teygna en þar breyta verðbreytingar magni eftirspurnar óendanlega. Einnig er talað um að eftirspurn geti verið einteygin og þá hafa verðbreytingar engin áhrif á heildartekjur og magnáhrif eru jöfn verðáhrifum.

Flestar rannsóknir hafa sýnt að verðteygni listviðburða sé óteygjin (Heilbrun & Gray, 2001) og verð hafi þar með engin áhrif á magn eftirspurnar. James Heilbrun og Charles M. Gray tóku saman rannsóknirnar sem sýna fram á að teygni verðeftirspurnar í hinum skapandi atvinnugreinum er á bilinu 0,05 til 0,64 eins og sjá má í töflu 8 (Heilbrun & Gray, 2001).

| Áætluð verðteygni eftirspurnar fyrir skapandi atvinnuvegi | | | | | | |
|---|---|----------|-----------------------|-----------------|----------------------|--------------|
| Rannsóknaraðili | Iðnaður og staður | Tímabil | Rannsóknaraðferð | Niðurstöður | | |
| | | | | Verð | Verð staðkvæmdarvara | Tekjur |
| Moore | Broadway leikhús, New York | 1928-63 | Tímaraðir | -0,48 til -64 | — | 0,5 til 0,37 |
| | Broadway leikhús, New York | 1962 | Skurðþversnið | — | — | 1,03 |
| Houthakker | Leikhús, ópera og leikhús sem rekin eru án hagnaðar BNA | 1929-64a | Skammtímatímaraðir | -0,18 | — | 0,74 |
| | | | Langt tímaraðir | -0,31 | — | 1,26 |
| Lange and Lukesetich | Sinfóníur, BNA | 1970 | Skurðþversnið | -0,49 | — | — |
| Throsby and Withers | Leikhús, ópera og leikhús sem rekin eru án hagnaðar BNA | 1929-73 | Tímaraðir | -0,9 | 0,68 | 1,08 |
| Gapinski | Leikús, London | 1972-83 | Uppsafnaðar tímaraðir | -0,05 til -0,10 | 0,09 til 0,18 | — |
| | Ópera, London | 1972-83 | Uppsafnaðar tímaraðir | -0,12 til -0,25 | 0,13 til 0,15 | — |
| | Sinfónía, London | 1972-83 | Uppsafnaðar tímaraðir | -0,19 til 0,35 | 0,44 til 0,65 | — |
| | Dans, London | 1972-83 | Uppsafnaðar tímaraðir | -0,18-0,81 | 0,21 til 2,28 | — |
| Goudriaan and de Kam | Leikhús, Holland | 1948-75 | Tímaraðir | -0,5 | b | — |
| | Tónleikar, Holland | 1948-76 | Tímaraðir | -0,58 | 1,5 | — |
| | Leikhús, Holland | 1979 | Skurðþversnið | — | — | 0,104 |
| | Tónleikar, Holland | 1979 | Skurðþversnið | — | — | 0,482 |

Tafla 8. Áætluð verðteygni eftirspurnar fyrir skapandi atvinnuvegi.

Þrátt fyrir að framboð og eftirspurn listaverka ráðist af mörgum ytri þáttum vinna listamenn sjaldan með þá í huga. Sá listamaður sem vinnur eingöngu verk til að anna eftirspurn á markaði mun fljótt brenna út. Til þess að þroskast og dafna sem listamaður er nauðsynlegt fyrir hann taka sér hvíld frá framleiðsluþörfinni. Fræg er sagan af Vincent van Gogh sem seldi ekki nema eitt verk á meðan hann lifði en var styrktur af bróður sínum sem var listaverkasali í París. Tjáningarþörf listamanna er oft það sterk að þeir skapa listaverk hvort sem eftirspurn er eftir þeim eða ekki.

8. Ávöxtun

8.1. Áhætta


Til að reikna út áhættu í fjárfestingu í myndlist reiknaði höfundur út betu myndlistarmarkaðarins í samanburði við hlutabréfamarkaðinn og notaði til þess aðhvarfsgreiningu. Ef beta-gildi eignar er jafnt og 1 bendir það til þess að verð eignarinnar fylgi verðbreytingum á markaðinum. Beta-gildi sem er minna en 1 bendir til þess að verð eignarinnar sé stöðugra en almennt verð á markaðinum og beta-gildi sem er hærra en 1 bendir til þess að verð eignarinnar flökkir meira en almennt gerist á markaðinum.

Formúlan fyrir útreikningi á betu er eftirfarandi:

$$\beta_A = \frac{Cov(R_A, R_M)}{\sigma^2(R_M)}$$

Formúla 4. Beta.

Útreikningar höfundar benda til þess að beta gildi íslenska myndlistarmarkaðarins sé 0,2691.



Graf 6. „Characteristic“ lína fyrir betu Íslensku listaverkavísitöluna gagnvart úrvalsvisítölunni.

8.2. Vænt ávöxtun

Til að reikna út ávöxtunarkröfu fyrir íslenskt listaverkasafn notast höfundur við svokallað Capital Asset Pricing Model eða CAPM líkanið sem sett var fram af William Sharpe 1964 (Bodie, Kane, & Marcus, 2005). Líkanið er víða notað og gagnast við að meta ávöxtunarkröfu á hvort tveggja hlutabréf sem og aðrar fjárfestingar.

Líkanið gerir ráð fyrir því að það sé enginn skiptikostnaður, hægt sé að versla með allar eignir, að hægt sé að skipta fjárfestingu upp í marga hluta og allir hafi aðgang að sömu upplýsingum (Damodaran, Investment Valuation; Tools and Techniques for Determining the Value of Any Asset, 2002).

Formúla fyrir CAPM líkanið er eftirfarandi:

$$\bar{R}_A = R_F + \beta_A \times (\bar{R}_M - R_F)$$

Formúla 5. „Capital Asset Pricing Model“.

Ávöxtunarkrafan er summa áhættulausra vaxta (R_F) að viðbættu markaðsálagi ($\bar{R}_M - R_F$) margfölduðu með hlutfallslegum verðbreytingum (β_A) viðkomandi eignasafns.

Höfundur gerir ráð fyrir að áhættulausir vextir séu sambærilegir við 10 ára ríkisskuldabréfa eða 8,51% (Seðlabanki Íslands, 2009). Markaðsálag, 4,79% fyrir Ísland, er sótt í rannsóknir Aswath Damodaran prófessors í fjármálum við Stern/NYU (Damodaran, The Data Page, 2009). Beta er sótt í útreikning höfundar fyrir íslenska myndlistarmarkaðinn, 0,2691.

$$9,8\% = 8,51\% + 0,2691 \times 4,79\%$$

Formúla 6. Ávöxtunarkrafa fyrir íslenska listaverkamarkaðinn án sérstaks smámarkaðsálags.

Ávöxtunarkrafa fyrir íslenska myndlistarmarkaðinn er því 9,8%.

Íslenski listaverkamarkaðurinn er örmarkaður og því telur höfundur rétt að setja sérstak álag á ávöxtunarkröfuna. Álagið byggir á aldri listaverkamarkaðarins, smæð hans, minni seljanleika og veltuhraða. Álagið er ekki ólíkt því sem þekktist á ávöxtunarkröfu hlutabréfa smáfyrirtækja í kauphöllum. CAPM-líkanið og beta-útreikningur eins og hann er venjulega leiddur fram geta leitt til vanáætlunar á áhættu

vegna smæðar markaðarins auk þess sem skiptikostnaður er tiltölulega hár (Damodaran, Investment Valuation; Tools and Techniques for Determining the Value of Any Asset, 2002). Íslandsbanki hefur reiknað út sérstakt álag fyrir íslensk hlutabréf og þar er meðal álag 1,05%. Ef við yfirferum álagið yfir á listaverkamarkaðinn fáum við eftirfarandi ávöxtunarkröfu þar sem *smá* er sérstakt markaðsálag:

$$\bar{R}_A = R_F + \beta_A \times (\bar{R}_M - R_F) + smá$$

Formúla 7. Capital Asset Pricing Model með smámarkaðsálagi.

$$10,85\% = 8,51\% + 0,2691 \times 4,79\% + 1,05\%$$

Formúla 8. Ávöxtunarkrafa fyrir íslenska listaverkamarkaðinn með smámarkaðsálagi.

Leiðrétt ávöxtunarkrafa fyrir íslenska myndlistarmarkaðinn er því 10,85%

8.3. Ytri áhrif

Ýmis ytri áhrif hafa áhrif á verð listaverka og þar af leiðandi á ávöxtun þeirra sem fjárfesta í þeim. Helstu áhrifaþættir á eftir orðspori listamannsins, fagurfræðilegum gæðum listaverkanna og smekk fjárfestanna eru vextir, verðbólga og almennar hagsveiflur. Hagfræðingar skipta rannsóknum á listaverkamarkaðinum í tvennt. Annars vegar eru kaupendur sem hugsa um listaverk sem fjárfestingu og hins vegar kaupendur sem vilja eiga listaverk sér til ánægju og yndisauka (Frey, 2003). Skýrsluhöfundur bar saman hina Íslensku listaverkavísitölu við þrjár þætti sem hafa áhrif á verð listaverka; stýrivexti Seðlabanka Íslands, vísitölu neysluverðs frá Hagstofu Íslands og breytingar á vergri landsframleiðslu. Athugað var með einfaldri línulegri aðhvarfsgreiningu hvort hin Íslenska listaverkavísitala hreyfðist á sama hátt og áðurnefndir þrjár þættir. Sett var upp H0-tilgáta fyrir hvern þátt.

Formúlan fyrir einfaldri línulegri aðhvarfsgreiningu er:

$$Y_i = \beta_0 + \beta_1 X_i + \varepsilon_i$$

Formúla 9. Einföld línuleg aðhvarfsgreining.

Forsendur aðhvarfsgreiningarinnar eru að skekkjuliðir (ε) eru normaldreifðir fyrir sérhvert gildi á X . Líkindadreifing skekkjuliða hefur fasta dreifni og skekkjuliðirnir eru óháðir frá mælingu til mælingar (Levine, Stephan, Krehbiel, & Berenson, 2005).

H0-tilgáta 1: Hafa stýrivextir (áhrifabreyta) engin áhrif á hvernig hin Íslenska listaverkavísitala breytist (háð breyta)?

H0-tilgáta 2: Hefur vísitala neysluverðs (áhrifabreyta) engin áhrif á hvernig hin Íslenska listaverkavísitala breytist (háð breyta)?

H0-tilgáta 3: Hefur þróun vergrar landsframleiðslu (áhrifabreyta) engin áhrif á hvernig hin Íslenska listaverkavísitala breytist (háð breyta)?

Í töflu 9 má sjá að „Multiple R“ er á bilinu 0,52 til 0,68 sem sýnir að fylgni er á milli háðu breytunnar Y og áhrifabreytunnar X sem nemur um 52% til 68%. Fullkomin fylgni er = 1. Engin fylgni er = 0. Til að athuga hvort hrekja eigi H0-tilgátuna er litið á p-gildi (p-value). Ef p-gildið er lægra en 0,05 er hægt að hrekja H0-tilgátuna. P-gildið er eins og sjá má í öllum tilfellum lægra en 0,05 og því er H0-tilgátan hrakin í öllum tilfellunum.

| Áhrifabreyta X | „Multiple R“ | P-gildi | H0-tilgáta |
|-------------------------------------|--------------|----------|------------|
| Stýrivextir, H0-tilgáta 1 | 0,6833 | 0,00498 | Hrakin |
| Vísitala neysluverðs, H0-tilgáta 2 | 0,5681 | 0,00378 | Hrakin |
| Verg landsframleiðsla, H0-tilgáta 3 | 0,5274 | 0,008082 | Hrakin |

Tafla 9. Yfirlit niðurstaðna aðhvarfsgreininga.

Til að

meta hvort það sé við hæfi að nota einfalda línulega aðhvarfsgreiningu á þau gögn sem fyrirleggjandi eru er gerð mæling á sjálffylgni afgangslíða og reiknuð út svokölluð Durbin-Watson lýsitala. Ef Durbin-Watson lýsitalan er hærri en Du gildið þá er ekki um jákvæða sjálffylgni að ræða en ef hún er lægri en D1 þá er um jákvæða samfylgni að ræða. Falli lýsitalan á milli d1 og d2 er ekki hægt að skera úr um hvort um jákvæða samfylgni afgangslíða er að ræða (Levine, Stephan, Krehbiel, & Berenson, 2005).

Formúlan til að reikna út Durbin-Watson lýsitöluna er eftirfarandi:

$$D = \frac{\sum_{i=2}^n (e_i - e_{i-1})^2}{\sum_{i=1}^n e_i^2}$$

Formúla 10. Durbin-Watson lýsitala.

Í töflu 10 er hægt að sjá útreikning á Durbin-Watson lýsitölunni fyrir ofangreindar aðhvarfsgreiningar.

| Áhrifabreyta X | Durbin-Watson lýsitala | d_l | d_u | Sjálffylgni |
|-------------------------------------|------------------------|-------|-------|-------------|
| Stýrivextir, HO-tilgáta 1 | 1,5529 | 1,08 | 1,36 | Nei |
| Vísitala neysluverðs, HO-tilgáta 2 | 1,2810 | 1,27 | 1,45 | Óákv. |
| Verg landsframleiðsla, HO-tilgáta 3 | 1,1067 | 1,27 | 1,45 | Já |

Tafla 10. Yfirlit niðurstaðna á áreiðanleika aðhvarfsgreininga.

8.4. Listaverkasjóðir

Jean Baptiste Pierre Lebrun lagði opinberlega til árið 1780 að söfnun listaverka væri góður grundvöllur til fjárfestinga (McClellan, 1996). Hugmyndum hans um fjárfestingar í myndlist hefur verið haldið á lofti æ síðan og ýmsir listaverkasjóðir og listaklúbbar hafa verið settir á fót í þeim tilgangi að sameinast um fjárfestingu í myndlist á sama hátt og aðilar sameinast í fasteignasjóðum eða hlutabréfasjóðum og fjárfesta í fasteignum eða hlutabréfum. „La Peau de l’Ours“ sjóðurinn var einn af þeim fyrstu, settur á fót 1904 af þrettán fjárfestum. Sjóðurinn keypti rúmlega eitt hundrað verk, meðal annars eftir Picasso og Matisse og seldi þau öll á uppboði tíu árum síðar. Uppboðið gekk vonum frammar og fjárfestingin skilaði 400% ávöxtun. (Surowiecki, 2005).

Fjárfestingar listaverkasjóðanna eru til langs tíma og eru hugsaðir til að skila arði til fjármagnseiganda annars vegar og sjóðsstjórnanna hins vegar. Sjóðirnir taka umsýslugjald en einnig hlut af hagnaði. Þannig tekur til dæmis Philip Hoffman’s Fine Art Fund 2% umsýslugjald og 20% hlut í hagnaði. Algengt er að fjárfestir þurfi að skuldbinda sig í fimm til tíu ár í sjóðnum og fáir sjóðir greiða út arð á því tímabili þó einstaka sjóðir geri slíkt (Arnold, 2008).

Listaverkasjóðir eru í eðli sínu ekki ólíkir sjóðum sem versla með hrávöru.

Skiptikostnaður, geymslu- og tryggingakostnaður er hár og varan, málverkin, veitir ekki beint tekjustreymi á meðan sjóðurinn heldur eign sinni á því. Listaverkasjóðir hafa reynt að lækka þennan kostnað með því að leigja út listaverkin. Leigugjaldið er þá 15% – 20% af verðmæti verksins en einnig hafa einstaka sjóðir leyft fjárfestum að leigja verk á lægra gjaldi, allt niður í 1,25% af tryggingaverðmati. Þær tekjur sem

myndast með þessum hætti eru notaðar til að lækka kostnað eins og áður var nefnt en einnig til að greiða út árlegar arðgreiðslur (Arnold, 2008).

Allt fram til ársins 2007 störfuðu listaverkasjóðir á þeim forsendum að um langtímafjárfestingu væri að ræða sem ætti að skila ávöxtun á bilinum 10% – 20%. Þekktir sýningarstjórar, safnarar og listfræðingar voru fengnir til að sitja í stjórnun og innkaupanefndum sjóðanna og vandað var til vals á listaverkum. Fjárfestingum var dreift á milli þekkra listamanna þar sem vænt ávöxtun var minni og ungra listmanna sem seldu verk sín ódýrar. Um mitt ár 2007 breytist þetta viðhorf þegar sjóðsstjórar vogunarsjóða fóru að horfa til listaverkamarkaðarins. Settir voru á fót listaverkasjóðir sem áttu að starfa sem vogunarsjóðir og skila hárrí ávöxtun til skamms tíma. Mest fór fyrir hinum breska „Art Trading Fund“ sem setti sér það markmið að safna 25 milljónum punda frá fjárfestum. Sjóðsstjórnarnir sáu fyrir sér vogunarsjóð þar sem eintaklingar og fjárfestar gætu fjárfest í stöðluðum framvirkum samningum um evrópska impressjónista frekar en að kaupa raunverulegt málverk eftir Monet. Til að veita upp á móti áhættunni sem fólst í að kaupa impressjónista-málverkin keyptu sjóðirnir sölurétt í fyrirtækjum eins og Sotheby's og lúxus vörumerkjafyrirtækinu Richemont. Ef myndlistarmarkaðurinn félli þá myndu bréf í þessum fyrirtækjum einnig falla og veita upp tapið á málverkunum (Taylor, 2007). Skemmst er frá því að segja að þessir vogunarsjóðir voru ekki starfandi rúmu ári síðar (Williams, 2007).

8.5. Ávöxtun á erlendum listaverkamörkuðum

Rannsóknir á ávöxtun á listaverkamörkuðum hafa verið rannsakaðar víða erlendis allt frá árinu 1965 en tímabilin sem rannsóknirnar beinast að eru allt frá fyrstu dögum listaverkamarkaðarins um 1700 til vorra daga. Nokkrar rannsóknaraðferðir hafa verið notaðar til að meta ávöxtunina. Algengast er að notaðar séu svokallaðar „Hedonic Price Method“ og „Repeat-Sales Method“. Í endursöluaðferðinni eru verk sem seld eru oftast en einu sinni á ákveðnu tímabili notuð sem grunnur að vísitölu. Hedonic-aðferðin tekur tillit til þess þáttar er varðar mannlega eðlið en þar er bætt við ákveðum leiðréttingarstuðli sem getur verið viðmiðunarverk, höfundur, gerð verks, stærð og svo framvegis. Niðurstöður þessara rannsókna sýna fram á að báðar þessar aðferðir gefi til kynna raunverulega ávöxtun á fjárfestingu í listaverkum til langs tíma lítið. Þó er alltaf til staðar ósýnilega breytan í listaverkinu sem stjórnast af mannlegu eðli og getur hún gert niðurstöðuna hlutlæga. Öðrum aðferðum hefur einnig verið beitt, svo

sem slembiúrtaki fyrir ákveðin tímabil og einföldum vísitöluútreikningum út frá sölu listaverka á uppboðum (Ashenfelter & Graddy, 2002).

Mei og Moses listaverkavísitalan er ein sú þekktasta í heiminum og styðst við endursöluaðferðina. Endurteknar uppboðsverðtölur eru traustar og birtar opinberlega og eru því notaðar til að búa til gagnabanka og reikna út breytingar á mismunandi eignarhaldstíma. Niðurstöður Mei og Moses er sú að fjárfesting í listaverkum er áhugaverðari en stöðug innkoma verðbréfa, þó svo að frammistaðan sé undir ávöxtun þeirra. Skrá Mei og Moses sýndi minni sveiflur og mun minni fylgni með öðrum eignum en sést hefur í öðrum rannsóknum. Einnig kom það fram í rannsóknum þeirra, líkt og hjá Pesando (1993), að dýr málverk eiga það til að vera metin undir markaðsverði og „lögmálið um eitt verð“ eigi ekki við um New York markað. Að lokum álykta þeir að fjárfesting í listaverkum sé góð leið til að dreifa áhættu eignasafns (Mei & Moses, 2002).

Í töflu 11 er samantekt á helstu erlendu rannsóknum sem gerðar hafa verið á fjárfestingum í listaverkum og arðsemi þeirra. Áætluð arðsemi listaverka er háð þeim tímaramma sem rannsóknirnar ná yfir hverju sinni og aðferð við útreikninga þeirra. Megintilgangur þessara rannsókna er að rannsaka arðsemi listaverka miðað við aðra fjárfestingamöguleika og þessum rannsóknum er hægt að skipta upp í tvo megin þætti; annars vegar mælingar á arðsemi fjárfestinga og hins vegar verðþróun listaverka (Ashenfelter & Graddy, 2002). Ávöxtun er í flestum tilfellum hærri en verðbólga og yfirleitt hærri en ríkisskuldabréf til langs tíma en lægri en verðbréf og verð hafa vissa leitni upp á við með tímanum (Campbell, 2008).

| Áætluð ávöxtun á listaverkamarkaði frá 17 öld til 21 aldar | | | | |
|--|---------------------------------------|-----------------|--------------|--------------|
| Höfundur | Úrtak | Aðferð | Nafnávöxtun | Raunávöxtun |
| Anderson (1974) | 1780-1960:listaverk | Hedonic | 3,30% | 2,60%* |
| | 1780-1970:listaverk | Endursöluaðferð | 3,70% | 3,00%* |
| Stein (1977) | 1946-1968:listaverk | Faldmeðaltal | 10,50% | |
| Baumol (1986) | 1652-1961:listaverk | Endursöluaðferð | | 0,55% |
| Frey og Pommerehne (1989) | 1635-1949:listaverk | Endursöluaðferð | | 1,40% |
| | 1953-1987:listaverk | Endursöluaðferð | | 1,50% |
| | 1950-1987:listaverk | Endursöluaðferð | | 1,70% |
| Frey og Serna (1990) | 1981-1988:gamlir meistara | Hedonic | 10,59% | 3,20% |
| Deutschman (1991) | 1971-1991:gamlir meistara | | 12,30% | 6,04% |
| Bulenes og Grinsburgh (1992) | 1700-1961:listaverk | Hedonic | | 0,91% |
| | 1780-1970:listaverk | Endursöluaðferð | 3,70% | 3,00% |
| Pesando (1993) | 1977-1991:samtíma þrykk | Endursöluaðferð | | 1,51% |
| Goetzmann (1993) | 1716-1986:listaverk | Endursöluaðferð | 3,20% | 2,00%* |
| | 1850-1986:listaverk | Endursöluaðferð | 6,20% | 3,80% |
| | 1900-1986:listaverk | Endursöluaðferð | 17,50% | 13,30% |
| Graeser (1993) | 1967-1986:antik húsgögn | Annað** | 7,00% | |
| Ross og Zondervan (1993) | 1803-1986:fiðlur | Hedonic | | 2,20% |
| Goetzmann (1996) | 1907-1977:listaverk | Endursöluaðferð | | 5,00% |
| Barre, et.al. (1996) | 1962-1991:impressionistar | Hedonic | 12,00% | 5,00%* |
| | 1962-1991:aðrir | Hedonic | 8,00% | 1,00%* |
| Chanel,et. al. (1996) | 1855-1969 | Hedonic | | 4,90% |
| | 1855-1969 | Endursöluaðferð | | 5,00% |
| Fase (1996) | 1946-1966:19. aldar listaverk | | 11,00% | 7,50% |
| | 1972-1992:19. aldar listaverk | | 10,60% | 1,10% |
| Angnello og Pierce (1996) | 1971-1992:19. aldar amerísk listaverk | | 9,30% | 3,25% |
| Pesando og Shum (1996) | 1977-1992:Picasso þrykk | Endursöluaðferð | 12,00% | 2,10% |
| Czujack (1997) | 1966-1994:Picasso málverk | Hedonic | | 8,30% |
| Candela og Scorcu (1997) | 1983-1994:samtíma listaverk | | 3,89% | 0,21% |
| Mei og Moses (2001) | 1875-1999:amerísk listaverk | Endursöluaðferð | | 4,90% |
| | 1900-1986:amerísk listaverk | Endursöluaðferð | | 5,20% |
| | 1900-1999:amerísk listaverk | Endursöluaðferð | | 5,20% |
| | 1950-1999:amerísk listaverk | Endursöluaðferð | | 8,20% |
| | 1977-1991:amerísk listaverk | Endursöluaðferð | | 7,80% |
| Campell (2005) | 1976-1992:listaverk | Meðaltalsverð | 5,73% | 1,44% |
| | 1976-2004:amerísk málverk | Meðaltalsverð | 7,94% | 3,66% |
| Hansen (2009) | 1985-2008:íslensk listaverk | Faldmeðaltal | 2,75% | |
| | | Meðaltal | 8,06% | 3,83% |

Tafla 11. Áætluð ávöxtun á listaverkamarkaði frá 17. öld til 21. aldar.

* Þar sem margar af könnunum birta einungis nafnávöxtun hafa skýrsluhöfundar reiknað út raunávöxtun með eftirfarandi hætti. Fyrir rannsóknir Andersons og Baumol var notuð 0,7% verðbólga. Þessi tala er áætluð af Baumol út frá reiknaðri verðbólgu á 300 ára tímabili út frá Phelps-Brown og Hopkins verðvísitölunni. Goetzmann áætlaði að verðbólga á því tímabili sem rannsókn hans náði yfir (einnig byggð á Phelps-Brown og Hopkins) hafi verið 1,2%. Samkvæmt OECD var verðbólga í Frakklandi 7% á tímabilinu 1962-1992.

** Gerir ráð fyrir slembiúrtaki innan eignasafns, samsettu af ákveðnum húsgagnagerðum. (Ashenfelter & Graddy, 2002)

8.6. Ávöxtun á íslenska listaverkamarkaðinum

Ef skoðuð er þróun íslenskra listaverka sem seld eru á uppboðum almennt er ávöxtun þeirra ekki mjög mikil. Höfundur reiknaði út ávöxtun tilbúins eignasafns sem endurspeglar samsetningu þeirra verka sem seld eru á íslenska listaverkamarkaðinum út frá gögnum hinnar Íslensku listaverkavísitölu. Gert var ráð fyrir því að eignasöfnin væru keypt á fjórum mismunandi tímupunktum, 1989, 1994, 1999 og 2004 og miðað var við verð listaverka í árslok 2008.

Eins og sjá má í töflu 12 hér fyrir neðan liggur ávöxtun til lengri tíma (lengra en 10 ár) á bilinu 2,35% til 7,82% en fjárfesting til skemmri tíma (5 ár) er rúmlega 30,21%. Langtímaávöxtunin er undir þeirri ávöxtunarkröfu sem gerð er til íslenskra listaverka. Sé ávöxtunin aftur á móti borin saman við erlendar rannsóknir á sama sviði má sjá að

langtímaávöxtun er svipuð þar og á Íslandi. Ársávöxtun á íslenska listaverkamarkaðinum frá 1985 til 2008 er 2,75% (Íslenska listaverkavísitalan, 2009).

| Kaupverð | kr.100,00 | | |
|-------------------|------------------------|------------|----------------|
| Verðmatsár | 2008 | ROR | ROI |
| Kaupár eignasafns | Verðmat í lok árs 2008 | Ársávöxtun | Heildarávöxtun |
| 1/1/2004 | kr.293,88 | 30,21% | 193,88% |
| 1/1/1999 | kr.198,17 | 7,82% | 98,17% |
| 1/1/1994 | kr.138,74 | 2,35% | 38,74% |
| 1/1/1989 | kr.225,38 | 4,35% | 125,38% |
| 1/1/1985 | kr.186,98 | 2,75% | 86,98% |

Tafla 12. Ávöxtun Íslensku listaverkavísitalunnar.

8.7. Ávöxtun einkasafna

Höfundur rannsakaði einkasöfn fjögurra einstaklinga sem safnað hafa myndlist í áratug eða lengur. Safnað var saman upplýsingum um hvenær og á hvaða verði verkin voru keypt. Söfnin voru síðan verðmetin hjá uppboðshúsi í Reykjavík á þeirri forsendu að selja ætti verkin á uppboði.

Ávöxtun var síðan reiknuð út á tvennan hátt. Annars vegar var reiknuð út heildarávöxtun á tímabilinu (e. Return on Investment *ROI*) samkvæmt formúlu x.x:

$$ROI = \frac{V - KV}{KV}$$

Formúla 11. Heildarávöxtun eignar.

Þar sem *V* er verðmat og *KV* er kaupverð.

Hins vegar var reiknuð út ársávöxtun hvers listaverks fyrir sig (e. Rate of Return *ROR*) samkvæmt formúlu x.x:

$$ROR = \left(\frac{V}{KV}\right)^{(360/T)} - 1$$

Formúla 12. Ársávöxtun hvers listaverks.

Þar sem *V* er verðmat, *KV* er kaupverð og *t* er fjöldi daga

Gert var ráð fyrir því að eitt ár innihaldi 360 vaxtadaga.

Til að fá heildaryfirsýn á ársávöxtun hvers listaverkasafns var tekið faldmeðaltal eignarhaldstíma hvers listaverks samkvæmt formúlu x.x:

$$\bar{r} = \left[\prod_{t=1}^n (1 + r_t) \right]^{1/n} - 1$$

Formúla 13. Faldmeðaltal.

Meðalársávöxtun hvers listasafns fyrir sig er því reiknað út með eftirfarandi formúlu:

$$ROR_A = \left(\frac{\sum V}{\sum KV} \right)^{(360/MT)} - 1$$

Formúla 14. Meðalársávöxtun listasafns.

Þar sem V er verðmat safnsins, KV er kaupverð safnsins og MT er meðal eignarhaldstími safnsins. Eins og áður er reiknað með 360 dögum í ári.

Verðmat og ávöxtun verkanna miðast við 31. desember 2008. Skiptikostnaður á listaverkamarkaði er töluverður og algengt er að seljandi þurfi að greiða á bilinu 10% til 20% af söluverði í söluþóknunir. Söluþóknun er áætluð miðað við verðskrá uppboðshúsa í Reykjavík miðað við verðmat verkanna og vegið meðaltal söluþóknunar fengið samkvæmt formúlu x.x:

$$\bar{x} = \frac{\sum_{i=1}^n w_i x_i}{\sum_{i=1}^n w_i}$$

Formúla 15. Vegið meðaltal.

Ekki er tekið tillit til söluþóknunnar við útreikning ávöxtunar einkasafnanna.

8.7.1. Einkasafn 1

Í einkasafni 1 eru 46 listaverk og kaupverð þeirra er rúmlega 29 milljónir króna. Verðmat safnsins er kr. 33.195.000,- til kr. 40.160.000,-. Meðal eignarhaldstími verkanna er 2,7 ár en fyrsta verkið kom í safnið fyrir rúmum 10 árum og það nýjasta fyrir rúmum 3 mánuðum síðan, þetta er yngsta safnið sem höfundur skoðaði. Meðalársávöxtun safnsins er 4,93% miðað við lágt verðmat og 12,62% miðað við hátt verðmat. Lága verðmatið er nokkuð undir ávöxtunarkröfu og 10 ára ávöxtun Íslensku listaverkavísitölunnar en háa verðmatið nær rétt yfir þessi tvö viðmið. Töluvert er af því að verkum í þessu safni sem er óvenjulegt fyrir einkasöfn á Íslandi en ávöxtun á þeim er neikvæð hvort sem miðað er við lágt eða hátt verðmat. Áætluð sölupóknun fyrir þetta safn væru öll verkin seld stök er 12,15% af söluverði.

| Einkasafn 1 | Fjöldi | Heildarávöxtun | | Meðalársávöxtun | |
|---------------------------------------|--------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| | | ROI _l | ROI _h | ROR _l | ROR _h |
| Látnir listamenn | 35 | 12,23% | 36,07% | 4,48% | 12,41% |
| Starfandi listamen | 11 | 27,97% | 52,25% | 8,91% | 15,65% |
| Verk unnin í olíu | 30 | 16,31% | 40,90% | 5,80% | 13,64% |
| Verk unnin á pappír | 6 | 21,44% | 36,22% | 6,68% | 10,84% |
| Verk unnin í þvíð form | 10 | -23,83% | -5,11% | -10,24% | -2,06% |
| Öll verk | 46 | 13,86% | 37,75% | 4,93% | 12,62% |
| Frávik frá 10 ára ávöxtun ilv (7,82%) | | | | -2,89% | 4,80% |
| Frávik frá ávöxtunarkröfu (10,85%) | | | | -5,92% | 1,77% |
| Meðal eignarhaldstími (ár) | 2,7 | | | | |

Tafla 13. Yfirlit ávöxtunar einkasafns 1.

8.7.2. Einkasafn 2

Í einkasafni 2 eru einnig 46 listaverk en kaupverð þeirra er einungis um 1,6 milljónir króna. Verðmat safnsins er kr. 4.355.000,- til kr. 5.110.000,-. Þetta safn er nokkuð sérstak að því leyti að þar eru mörg grafíkverk og meirihluti verkanna eru eftir starfandi listamenn. Eigandi þessa safn keypti flest verkanna beint af listamönnum snemma á ferli þeirra sem skýrir lágt kaupverð og fá verk eru eftir látna listamenn. Meðal eignarhaldstími verkanna er 6,6 ár en fyrsta verkið kom í safnið fyrir rúmum 15 árum og það nýjasta um 6 mánuðum áður en verðmatið á safninu var gert. Meðalársávöxtun safnsins er 16,37% miðað við lágt verðmat og 19,21% miðað við hátt verðmat sem er nokkuð yfir bæði ávöxtunarkröfu og 10 ára ávöxtun Íslensku listaverkavísitölunnar. Þar sem öll verkin eru í ódýrari kantinum þarf að gera ráð fyrir nokkuð hárrí söluþóknun væru verkin seld eða 20%.

| Einkasafn 2 | Fjöldi | Heildarávöxtun | | Meðalársávöxtun | |
|---------------------------------------|--------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| | | ROI _l | ROI _h | ROR _l | ROR _h |
| Látnir listamenn | 6 | 390,20% | 527,45% | 27,95% | 32,95% |
| Starfandi listamen | 40 | 158,68% | 199,95% | 15,33% | 17,92% |
| Verk unnin í olíu | 18 | 165,93% | 206,40% | 14,46% | 16,72% |
| Verk unnin á pappír | 10 | 139,86% | 197,89% | 22,26% | 28,50% |
| Grafíkverk | 13 | 177,49% | 241,75% | 26,74% | 29,80% |
| Verk unnin í þrívíð form | 5 | 300,83% | 360,96% | 13,87% | 16,93% |
| Öll verk | 46 | 173,51% | 220,93% | 16,37% | 19,21% |
| Frávik frá 10 ára ávöxtun ilv (7,82%) | | | | 8,55% | 11,39% |
| Frávik frá ávöxtunarkröfu (10,85%) | | | | 5,52% | 8,36% |
| Meðal eignarhaldstími (ár) | 6,6 | | | | |

Tafla 14. Yfirlit ávöxtunar einkasafns 2.

8.7.3. Einkasafn 3

Í einkasafni 3 eru 60 listaverk og kaupverð þeirra er rúmar 23 milljónir króna.

Verðmat safnsins er kr. 47.640.000,- til kr. 56.020.000,-. Meðal eignarhaldstími listaverka í þessu safni er lengri en í hinum söfnunum eða 8,5 ár. Fyrsta verkið kom í safnið fyrir 29 árum en nýjasta rúmu ári áður en verðmatið var framkvæmt.

Meðalársávöxtun safnsins er 8,85% miðað við lágt verðmat og 10,94% miðað við hátt verðmat. Lága verðmatið nær ekki ávöxtunarkröfunni en er aðeins yfir 10 ára ávöxtun Íslensku listaverkavísitölunnar. Háa verðmatið rétt nær yfir þessi tvö viðmið. Eitt verk sem bætt var í þetta safn snemma árs 2008 hífir verulega upp ávöxtun safnsins því safnarinn fékk það á einstaklega góðum kjörum. Þetta safn er nokkuð sérstakt að því leyti að í því er ekkert grafikverk og engir skúlptúrar. Flest verkin, 57 af 60, eru verk unnin með olíu og mikill meirihluti þeirra eru eftir látna listamenn. Áætluð sölupóknun fyrir þetta safn væru öll verkin seld stök er 12,85% af söluverði.

| Einkasafn 3 | Fjöldi | Heildarávöxtun | | Meðalársávöxtun | |
|---------------------------------------|--------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| | | ROI _l | ROI _h | ROR _l | ROR _h |
| Látinir listamenn | 46 | 135,37% | 181,62% | 9,67% | 11,81% |
| Starfandi listamen | 14 | 73,32% | 98,27% | 9,37% | 11,79% |
| Verk unnin í olíu | 57 | 107,10% | 143,50% | 8,61% | 10,62% |
| Verk unnin á pappír | 3 | 80,33% | 113,11% | 19,35% | 25,48% |
| Öll verk | 60 | 106,39% | 142,70% | 8,85% | 10,94% |
| Frávik frá 10 ára ávöxtun ilv (7,82%) | | | | 1,03% | 3,12% |
| Frávik frá ávöxtunarkröfu (10,85%) | | | | -2,00% | 0,09% |
| Meðal eignarhaldstími (ár) | 8,5 | | | | |

Tafla 15. Yfirlit ávöxtunar einkasafns 3.

8.7.4. Einkasafn 4

Í einkasafni 4 eru 40 listaverk og kaupverð þeirra er rúmlega 10 milljónir króna. Verðmat safnsins er kr. 16.700.000,- til kr. 19.800.000,-. Uppistaðan í þessu safni eru listaverk eftir starfandi listamenn en einungis 2 verk eru eftir látna listamenn. Einnig eru flest verkin málverk og aðeins nokkur verk unnin á pappír og með grafíktækni. Meðal eignarhaldstími verkanna er einnig aðeins 3,9 ár en fyrsta verkið kom í safnið fyrir tíu árum síðan og það nýjasta fyrir einu ári. Meðalársávöxtun safnsins er 13,03% miðað við lágt verðmat og 18,06% miðaði við hátt verðmat. Hafa ber í huga að í þessu safni eru eru mörg verk eftir sama höfund hvers verk hafa hækkað mikið á síðustu tveimur árum. Safnarinn hefur einnig keypt verkin beint frá listamanninum. Áætluð sölubóknun vegna sölu á þessum verkum væru þau öll seld stök er 14,2%.

| Einkasafn 4 | Fjöldi | Heildarávöxtun | | Meðalársávöxtun | |
|--------------------------------------|--------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| | | ROI _l | ROI _h | ROR _l | ROR _h |
| Látnir listamenn | 2 | 48,84% | 74,42% | 10,45% | 14,92% |
| Starfandi listamen | 38 | 62,49% | 92,83% | 13,23% | 18,30% |
| Málverk | 28 | 56,51% | 85,24% | 12,32% | 17,33% |
| Verk unnin á pappír | 9 | 246,67% | 322,22% | 68,42% | 82,93% |
| Grafíkverk | 3 | 300,00% | 400,00% | 16,65% | 19,58% |
| Öll verk | 40 | 61,35% | 91,30% | 13,03% | 18,06% |
| Frávik frá 10 áraávöxtun ilv (7,82%) | | | | 5,21% | 10,24% |
| Frávik fráávöxtunarkröfu (10,85%) | | | | 2,18% | 7,21% |
| Meðal eignarhaldstími (ár) | 3,9 | | | | |

Tafla 16. Yfirlitávöxtunar einkasafns 4.

9. Niðurstaða

Bónokkrar rannsóknir hafa verið framkvæmdar erlendis til að meta hvort ávöxtun og fjárfestingu í myndlist geti verið áhugaverður kostur fyrir fjárfesta og hvernig slíkar fjárfestingar hafa staðist í samanburði við aðrar hefðbundnar fjárfestingar.

Í þessari ritgerð hefur höfundur leitast við að svara rannsóknarspurningunni:

„Er íslensk myndlist áhugaverður fjárfestingarkostur?“

Höfundur fór í fræðilega söguskoðun á listaverkamörkuðum bæði á Íslandi og í Evrópu og bar þá saman við þróun verðbréfamarkaða og kauphalla á sömu markaðssvæðum. Íslenski myndlistarmarkaðurinn var skoðaður náíð og farið yfir helstu þætti hans. Áhætta þeirra rekstraraðila sem starfa á íslenska myndlistarmarkaðinum var kortlögð til að meta samkeppnisumhverfi markaðarins. Höfundur gerði könnun meðal íslenskra listamanna þar sem úrtakið var rúmlega 800 starfandi listamenn. Könnunin var notuð til að meta framlag listamanna til myndlistarmarkaðarins og áhrif þeirra á framboð og eftirspurn. Erlendar rannsóknir á ávöxtun fjárfestinga á myndlistarmarkaði eru fjölmargar og ná yfir gögn allt frá 17. öld til vorra daga. Þessar rannsóknir sýna flestar að fræðileg ávöxtun þessara fjárfestinga er yfir verðbólguhraða og hærri en ávöxtun flestra ríkisskuldabréfa en undir væntri ávöxtun á verðbréfamarkaði. Höfundur notaði gagnagrunn hinnar Íslensku listaverkavísitölu til að meta ávöxtun á íslenskum myndlistarmarkaði frá 1985 til 2008 og er hún nokkuð lægri en hinar erlendu rannsóknir sína eða 2,75% á ársgrundvelli. Höfundur reiknaði einnig betu myndlistarmarkaðarins og vænta ávöxtunarkröfu sem hægt er að gera til slíkra fjárfestinga og notaði til þess CAPM líkanið. Ávöxtunarkrafa til fjárfestingar í íslenskum listaverkum er 10,85% og beta 0,2691.

Ytri áhrif á þróun verða á íslenska listaverkamarkaðinum voru skoðuð. Borin var saman þróun Íslensku listaverkavísitölunnar við þróun stýrivaxta, vísitölu neysluverðs og verga landsframleiðslu. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að fylgni sé í verðþróun listaverka og stýrivaxta en fyrirliggjandi gögn eru ekki nægilega ítarleg til að segja til um fylgni með þróun neysluverðs eða vergrar landsframleiðslu.

Höfundur rannsakaði og skráði listaverkasöfn fjögurra einstaklinga. Ársávöxtun þessara safna er frá 4,93% til 16,37% ef miðað er við lágt verðmat þeirra. Ekki er tekið tillit til þess að skiptikostnaður á listaverkamarkaði er mun hærri en á verðbréfamarkaði en það gæti haft veruleg áhrif á heildarávöxtunina. Áætlaður skiptikostnaður af einkasöfnunum fjórum sem rannsökuð voru var frá 12,15% til 20% af söluverði safnanna sem er töluvert herra en af verðbréfum þar sem um 1% þóknun er tekin af kaupum og sölu. Ekki er heldur tekið tillit til skattalegs ávinnings þeirra sem fjárfesta í listaverkum.

Áhrif fölsunarmálsins á íslenska listaverkamarkaðinn verða seint vanmetin og telur höfundur að brýn nauðsyn sé til þess að rannsaka þann þátt betur. Höfundur telur aðávöxtun þeirra einkasafna sem rannsökuð voru hefði að öllum líkindum verið önnur ef fölsunarmálið hefði ekki verið upplýst. Söfnin eru öll frekar nýleg og mögulegt að eigendur þeirra hafa notið lægra kaupverðs vegna umfjöllunar um falsanir en annars hefði verið. Að sama skapi telur höfundur að heildarávöxtun á íslenska listaverkamarkaðinum hefði getað verið hærri og verðsveiflur minni.

Fjárfesting á íslenska myndlistarmarkaðinum er áhugaverður fjárfestingakostur að mati höfundar og þá sérstaklega með tilliti til dreifingar áhættu á stærra og fjölbreyttara eignasafni þar sem listaverk hafa sveiflast hægar en verðbréfamarkaðir. Þó ber að hafa í huga að við fjárfestingu í listaverkum liggja oft aðrar hvatir en hagnaðarvon. Þeir sem leggja fé sitt í listaverk gera það oft til þess að styrkja menningu eða til að fá virðingu innan síns þjóðfélagshóps. Fagurfræðilegur ávinningur verður heldur ekki vanmetinn því flestir sem fjárfesta í listaverkum geta notið þess að horfa á þau.

Heimildaskrá

Bækur og önnur rit

Ashenfelter, O. og Graddy, K. (2002). *Art Auctions: A Survey of Empirical Studies*. Princeton: Princeton University.

Ágúst Einarsson (2005). Hagræn áhrif menningar í alþjóðlegu samhengi. *Rannsóknir í félagsvísindum VI*, bls. 1 - 13.

Ágúst Einarsson (2004). *Hagræn áhrif tónlistar*. Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Ágúst Einarsson (2001). Menning er mikilvæg atvinnugrein og umsvifamikill þáttur í hagkerfinu. *Tímarit Máls og menningar, tímarit um menningu og mannlíf*, 62. árg., 3. tbl., bls. 43 - 50.

Áslaug Heiðarsdóttir, Helgi Bogason, Jóhann Ágúst Hansen og Ólafía B. Ásbjörnsdóttir (2007). *Hver eru hagræn áhri vaxtalausra listaverkalána á aðila myndlistarmarkaðarins*. Óbirt skýrsla.

Áslaug Heiðarsdóttir, Fjól Kristinsdóttir, Jóhann Ágúst Hansen, Ólafía B. Ásbjörnsdóttir og Svandís Ragnarsdóttir. *Er hægt að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka?* Óbirt skýrsla.

Baumol, W. J. (1986). Unnatural Value: or Art Investment as Floating Crap Game. *The American Economic Review*, 76. árg., 2. tbl., bls. 10 - 14.

Baumol, W. J. og Bowen, W. G. (1966). *Performing Arts: The Economic Dilemma*. Cambridge, Massachusetts, Bandaríkin: The M.I.T. Press.

Bjarki Bjarnason (í prentun). *Ísland í aldanna rás – 18. öldin*. Reykjavík: Forlagið.

Björn Th. Björnsson (1964). *Íslensk myndlist*. Reykjavík: Helgafell.

Blaug, M. (2001). Where are we now on cultural economics? *Journal of Economic Surveys*, 1. árg., 2. tbl., bls. 123 - 143.

Bodie, Z., Kane, A., og Marcus, A. J. (2005). *Investments*. New York, NY, Bandaríkin: McGraw Hill / Irwin.

Bowden, R. (1999). What is wrong with an art Forgery?: An anthropological perspective. *The Journal of Aesthetics and Art Criticism*, bls. 332 - 343.

Bruun Rasmussen. (1995). *Auktion katalog 38*. Kaupmannahöfn: Bruun Rasmussen.

Campbell, R. A. (2008). *Art as a Financial Investment*. Erasmus University Rotterdam. Maastricht: Maastricht University.

Centre du Droit de L'art. (1992). *L'expertise dans la vente d'objets d'art*. Genf: Schulthess.

Dagný Heiðdal (1992). *Aldamótakonur og íslensk listvakning*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.

Damodaran, A. (2002). *Investment Valuation; Tools and Techniques for Determining the Value of Any Asset*. New York, NY, Bandaríkin: John Wiley & Sons, Inc.

DiMaggio, P. (1977). Market structure, the creative process, and popular culture: Toward an organizational reinterpretations of mass-culture theory. *Journal of Popular Culture*, 11. árg., bls. 436 - 452.

Frey, B. S. (2003). *Arts & Economics*. Berlin, Þýskaland: Springer-Verlag.

Gallerí Borg. (1984). *Uppboðsskrá nr. 1*. Reykjavík: Gallerí Borg.

Gallerí Borg. (1995). *Uppboðsskrá nr. 21*. Reykjavík: Gallerí Borg.

Gallerí Fold. (2001). *Uppboðsskrá nr. 16*. Reykjavík: Gallerí Fold.

Gimpel, R. (1986). *Diary of an Art Dealer*. (J. Rosenberg, þýðandi). London, Bretland: Hamish Hamilton.

Gylfi Magnússon (2007). *Markaður verður til: Saga íslenska hlutabréfamarkaðarins*. Reykjavík: Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Heilbrun, J., og Gray, C. M. (2001). *The Economics of Art and Culture*. New York, NY, Bandaríkin: Cambridge University Press.

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir (2007, 7. nóvember). Íslensk list aldrei meira metin. *Markaðurinn*, bls. 6.

Hrafnhildur Schram (2005). *Huldukonur í íslenskri myndlist*. Reykjavík: Mál og menning.

Jakob Bjarnason (2008, 7. apríl). Pétur Þór slær myndir á ný. *Fréttablaðið*, bls. 1.

Joullain, C. F. (1786). *Reflexions sur la peinture et la gravure*. Metz: Genève.

Landes, W. M. (2003). Copyright. Í R. Towse (ritstjóri), *A Handbook of Cultural Economics* (bls. 132-142). Northhampton, Massachusetts, Bandaríkin: Edward Elgar Publishing, Inc.

Levine, D. M., Stephan, D., Krehbiel, T. C., og Berenson, M. L. (2005). *Statistics for Managers Using Microsoft Excel*. Upper Saddle River, New Jersey, Bandaríkin: Pearson Prentice Hall.

Listasafn Íslands. *Keypt verk janúar 2004 - maí 2006*. Reykjavík: Listasafn Íslands.

Listasafn Íslands og Nýlistasafnið. (1988). *Nýlistasafnið 10 ára*. Reykjavík: Listasafn Íslands og Nýlistasafnið.

Listasafn Reykjavíkur. (1990). *September Septem*. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir.

Listasafn Reykjavíkur. (1989). *SÚM 1965 1972*. Reykjavík: Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir.

Mankiw, N. G. (2004). *Principles of Economics*. Mason Bandaríkin: Thomson South Western.

Mankiw, N. G. og Taylor, M. P. (2006). *Economics*. London: Thomson Learning.

Marchi, N. D., og Van Miegroet, H. J. (2006). The History of Art Markets. Í V. A. Ginsburgh og D. Throsby, *Handbook of the Economics of Art and Culture* (bls. 69-122). Amsterdam, Holland: Elsevier North-Holland.

McCain, R. (2006). Defining Cultural and Artistic Goods. Í V. A. Ginsburgh og D. Throsby, *Handbook of the Economics of Art and Culture* (bls. 147 - 167). Amsterdam, Holland: Elsevier North Holland.

- McClellan, A. (1996). Watteau's dealer: Gersaint and the marketing of art in the eighteenth-century Paris. *The Art Bulletin*, 78. árg., 3. tbl., bls. 439-454.
- Mei, J., & Moses, M. (2002). *Art as an Investment and the Underperformance of Masterpieces*. New York: Mei & Moses Fine Art Index.
- Morgunblaðið. (2008, 28. febrúar). Kauphallarsamruna lokið. *Morgunblaðið - Viðskiptablað*, bls. 1.
- Moulin, R. (1967). *Le marché de la peinture en France*. Paris: Les Editions de Minuit.
- Moulin, R. (1994). The Construction of Art Values. *International Sociology*, 9. árg 1. tbl, bls. 5 - 12.
- Nozick, R. (1981). *Philosophical Explanations*. Cambridge, MA, Bandaríkin: Belknap Press.
- Óli Kristján Ármannsson (2006, 12. janúar), OMX tekur við rekstri Kauphallar Íslands í dag, *Fréttablaðið – Markaðurinn*, bls 1.
- Peterson, K. (1997). The distribution and dynamics of uncertainty in art galleries: A case study of new dealerships in the Parisian art market, 1985-1990. *Poetics*, 25. árg., 4. tbl., bls. 241 - 263.
- Ploeg, F. V. (2006). The Making of Cultural Policy: A European Perspective. Í V. A. Ginsburgh og D. Throsby, *Handbook of the Economics of Art and Culture* (bls. 1183 - 1221). Amsterdam, Holland: Elsevier North Holland.
- Ríkisendurskoðun. (2003). *Einkavæðing helstu ríkisfyrirtækja árin 1998 - 2003*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.
- Sagot-Duvauroux, D. (2003). Art Prices. Í R. Towse (ritstjóri), *A Handbook of Cultural Economics* (bls. 57-63). Northhampton, Massachusetts, Bandaríkin: Edward Elgar Publishing, Inc.
- Schubik, M. (2003). Dealers in art. Í R. Towse (ritstjóri), *A Handbook of Cultural Economics* (bls. 194-200). Northhampton, Massachusetts, Bandaríkin: Edward Elgar Publishing, Inc.
- Sigurður Benediktsson (1953). *Uppboðsskrá nr. 1*. Reykjavík: Sigurður Benediktsson.
- Smith, A. (1997). *Rannsókn á eðli og orsökum auðlegðar þjóðanna* (Bindi. I, II, III). (Þórbergur Þórsson, þýðandi) Reykjavík: Bókafélagið.
- Surowiecki, J. (2005, 17. október). Cash for Canvas. *The New Yorker*, bls. 1 - 2.
- Sveinn Björnsson (1957). *Endurminningar Sveins Björnssonar*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.
- Taylor, K. (2007, 13. ágúst). Seeking A Hedge For Art. *The New York Sun*, bls. 1 - 3.
- The Art Newspaper. (2008, 1. janúar). The most successful forger in the history of art. *The Art Newspaper*, bls. 1.
- Trausti Hafsteinsson (2007, 25. – 28. maí). 11 lögfræðingar fyrir hvern tannlækni. *DV*, bls. 11.
- Vilhjálmur Bjarnason (e.d.). *Myndlistin og markaðurinn*. Fyrirlestur, Reykjavík
- Williams, J. (2007, 12. október). Fund Manager The Art Trading Fund. *Interview with Justin Williams*. (S. Walker, tekur viðtal) Bloomberg UK. Bloomberk UK, London.

Vefheimildir

Absolute Astronomy. (e.d.), *London Stock Exchange*. Sótt 19. nóvember 2008 af http://www.absoluteastronomy.com/topics/London_Stock_Exchange.

ADVFN PLC. (e.d.), *Stock Exchanges*. Sótt 19. nóvember 2008 af <http://www.advfn.com/StockExchanges.html>.

AktiePlus.dk. (e.d.), *Københavns Fondsbørs*. Sótt 19. nóvember 2008 af <http://www.aktieplus.dk/kobenhavns-fondsbors.html>.

